

VÍSINDASTARF

08

LANDSPÍTALI



# Landspítalinn þróast sem háskólaspítali



## Kristján Erlendsson

læknir, framkvæmdastjóri  
Skrifstofu kennslu vísinda og  
þróunar Landspítalans og  
varadeildarforseti læknadeildar  
Háskóla Íslands

Fyrir ári síðan lauk samskonar pistli með spurningunni hvað myndi það kosta að stunda EKKI kennslu og rannsóknir á Landspítala. Á því ári sem liðið er höfum við sem betur fer ekki þurft að svara þessari spurningu. Þvert á móti hafa stjórnendur og opinberir aðstandendur Landspítalans lagt á það ríka áherslu að vernda og efla háskólastarf á spítalanum. Það er í rauninni sama hvar borið er niður, hvort sem er innan spítalans eða utan hans, þetta sjónarmið er óvæfengt og á síðustu 12 mánuðum hefur í raun ekki þurft að halda uppí einhverjum sérstökum vörnum fyrir háskólastarfið. Þvert á móti hefur háskólastarfið eflst fyrir tilstuðlan þeirra sem að því standa og þeirra sem þess njóta, árangur hefur verið ótvíræður og við slíkar aðstæður verður framþróun ekki stöðvuð.

Það er hægt að mæla þennan árangur beint og óbeint. Árangursvísar hafa ekki verið settir upp með formlegum hætti en þó má sjá af línuriti yfir fjölgun ISI-greina, sem birtist hér í heftinu, að það er áframhaldandi fjölgun birtra greina. Fjöldinn er farinn að vera sambærilegur við margar þær stofnanir sem við lítum til, okkur til fyrirmyndar. Á sama hátt hefur orðið veruleg fjölgun í masters- og doktorsnemum, þeirra sem á einhvern hátt tengjast spítalanum, er varðar efnivið, aðferðafræði eða leiðbeiningar. Þá hefur það fengist viðurkennt frá Háskóla Íslands að þeir sem hlotið hafa akademískar nafnbætur geti nú leiðbeint og verið umsjónarkennarar í doktorsnámi sem er ótvíræð viðurkenning til þessara starfsmanna Landspítalans.

Á sama tíma hafa styrkveitingar til vísindamanna spítalans stórlega aukist og þó upphæðir sveiflist alltaf eitthvað milli ára, þá hefur á síðustu þremur árum heildarupphæð styrkja, sem skrifstofa kennslu vísinda og þróunar hefur umsjón með, hækkað úr 203 milljónum upp í 288 milljónir sem geymdar eru á 189 reikningum. Þeir reikningar bera svo 10-14% ávöxtun og sú ávöxtun rennur til verkefnanna aftur.

Þó í þessu hefti sé fyrst og fremst fjallað um vísindavirkni þá kemur ekki á óvart að á sama tíma og við veitum athygli góðri frammistöðu í vísindum, þá ber hið sama við í kennslu. Þar ber hæst á síðasta ári frábær frammistaða 6. árs læknanema í bandarísku stöðluðu klínísku prófi (Comprehensive Clinical Science Examination). Þar er í raun er verið að prófa kennslu spítalans í klínískum fræðum. Þá má nefna kannanir sem metið hafa ánægju kandidata sem njóta sinnar starfsþjálfunar á Landspítalanum, sem hefur aukist á síðasta ári úr 82% upp í 94%. Á sama hátt hefur sérstakur hugbúnaður (Outcome) verið notaður til að gera kennslukannanir og aðstöðukannanir t.d. hjá hjúkrunarfræðinimum, sem dregið hafa fram kosti og galla og gefið tækifæri til úrbóta.

Á uppskeruhátíðinni okkar „Vísindi á vordögum“ verða sett upp að þessu sinni 108 veggspjöld. Að þeim standa 514 höfundar frá 14 starfstéttum. Það er mikil aukning í höfundafjölda úr 350 frá í fyrra og bendir það til þess að hóparnir sem að verkefnum standa séu nú stærri og þar séu að þróast hugmyndirnar um „critical mass“, að einrykjum fækki og stærri og sterkari rannsóknarhópar

komi í staðinn. Við slíkar aðstæður næst árangur sem rís hærra heldur en einföld talning heilabúa geti spáð fyrir um.

Í þessu hefti eru viðtöl eða pistlar um vinnu fjögurra þessara vísindamanna. Bjarni Þjóðleifsson fjallar um rannsóknir sínar á þeim 33 árum sem hann hefur unnið á þessu sviði. Það er athyglisvert að sjá hann ræða um sjúkdóma sem nánast hafa komið og farið á þessu tímabili; minnkaða tíðni sjúkdóma í maga og skeifugörn, blæðingar og krabbamein en að jafnframt hafi orðið aukning á bólgusjúkdómum í ristli. Þá nefnir hann ævintýrið um H-pylori. Tekist hefur með lyfjameðferð að minnka tíðni H-pylori úr maga nútímamanna en á móti kemur þá faraldur vélindabakflæðis vegna aukningar í sýruseitrun. Hann talar um spennuna við það að finna eitthvað nýtt og það, að vera algjör þiggjandi í vísindasamfélaginu stuðli ekki að því að halda faglegri sjálfsvirðingu.

Helga Kristjánsdóttir var verðlaunuð í fyrra sem ungur vísindamaður. Hún hefur um árabíl unnið að rannsóknnum á sjálfsofnæmissjúkdómum í Rannsóknarstofu í gigtssjúkdómum m.a. í samvinnu við erlenda samstarfsaðila í sínu doktorsnámi. Hún vinnur í framvarðasveit á þessu sviði og nýtur þeirrar rannsóknaraðstöðu sem framsýnir menn hafa skapað, m.a. faðir hennar Kristján Steinsson sem hefur verið vakinn og sofinn yfir árangri og uppbyggingu rannsóknastofunnar.

Helga Erlendsdóttir hlaut í fyrra akademískt mat sem klínískur prófessor en hún útskrifaðist frá Tækniskóla Íslands 1971 sem meinatæknir eins og það hét þá. Hún rifjar upp á mjög lýsandi hátt á hvernig hún hefur unnið með hverjum sérfræðingnum á fætur öðrum, verið ákveðið lim í farsælli rannsóknarstarfsemi sýklafræðinnar, faraldsfræði smitsjúkdóma, sérstakri virkni sýklalyfja og hagkvæmasti notkun þeirra, tengingu við þverfræðilega rannsóknarhópa og nýja möguleika í slíku rannsóknasamstarfi.

Jón Eyjólfur Jónsson vitnar í vísur Helga Seljan en gerir jafnframt grein fyrir mikilvægu klínísku og þjóðfélagslegu rannsóknarstarfi innan öldrunarsviðsins. Hann rekur aðkomu styrktar- og hagsmunafélaga og getur um samanburðarrannsóknir, sem ekki hafa farið hátt í almennri umræðu. Í samanburði við jafnaldrá í Litháen og Svíþjóð kemur þannig í ljós að Reykvikingar yfir 80 ára hafa mikil fjölskyldutengsl og meiri en í samanburðarlöndunum og þar sem vel yfir 80% hafa dagleg samskipti við börn sín eða ættingja. Hann bendir á það, að við klínísku vinnuna í sjúkrahúsi sé auðvelt að öðlast þá ímynd að aldraðir séu viðkvæmir, hrumir og veikir. Það sé því hressandi að hafa kynnst heilbrigðum hressum og kvikum öldungum. Það haldi honum við efníð.

Hann miðar við það að í upphafi hafi verið mikið um hleypidóma en lítið um rannsóknir. Hann og hans kollegar hafa lagt sitt af mörkunum til þess að koma slíkri umræðu á réttan kjöl og um leið auðga vísindastarf á Landspítalanum.

Margt hefur áunnist en betur má gera. Þannig hefur Landspítalinn á þessu ári jafnframt undirbúið stofnun klínísku rannsóknaseturs (clinical research center). Þar verður lögð áhersla á að formgera aðstoð og rannsóknarþjónustu, efla lyfjarannsóknir og greiða fyrir nýsköpun. Um er að ræða samvinnuverkefni Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. En allur sá árangur sem að ofan er lýst er afurð mikils og náns samstarfs þessara tveggja stofnana.

„Vísindi er að horfa á það sem aðrir hafa áður séð og hugsa nýja hugsun“ sagði Nobelsverðlaunahafinn Albert Szent-Györgyi 1937. Hann var að tala um vísindi, en þar sem slík afstaða hefur náð að skjóta rótum, þá gagnast hún líka í kennslu og klínískri þjónustu. Það eru hin dæmigerðu einkenni háskólaspítala.

# Efnisyfirlit

Landspítalinn þróast sem háskólaspítali . . . . .	1	Vísindasiðanefnd 2008. . . . .	19
Ritrýndar greinar og bókakaflar LSH 2001-2008 . . . . .	3	Vísindi á vordögum . . . . .	20
Doktors- og meistaranemar við Landspítala árin 2003-2008 . . . . .	3	Bjarni Þjóðleifsson . . . . .	21
Vísindastefna Landspítala . . . . .	4	Jón Eyjólfur Jónsson. . . . .	22
Hagnýtar upplýsingar fyrir rannsakendur . . . . .	6	Helga Kristjánsdóttir . . . . .	23
Vísindasjóður . . . . .	8	Helga Erlendsdóttir . . . . .	24
Vísindaráð . . . . .	9	Veggspjöld á Vísindum á vordögum 2008 . . . . .	26
Styrkveitingar Vísindasjóðs Landspítala 2008 . . . . .	10	Fræðasvið og fræðigreinar læknadeildar H.Í. . . . .	30
Styrkþegar Vísindasjóðs LSH 2008 . . . . .	13	Fræðasvið og fræðigreinar hjúkrunarfræðideildar H.Í. . . . .	31
Ársskýrsla Siðanefndar stjórnáskráningarsóknanna á LSH. . . . .	14	Yfirlit yfir vísindastörf á LSH 2008 . . . . .	32
Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2008. . . . .	16		

## Yfirlit yfir vísindastörf á LSH 2008

Augnlæknisfræði . . . . .	32	Myndgreining . . . . .	48	Sálgæsla presta og djákna . . . . .	61
Barnalæknisfræði . . . . .	33	Ónæmisfræði . . . . .	49	Talmeinafræðingar . . . . .	62
Bráðalæknisfræði . . . . .	33	Skurðlæknisfræði . . . . .	51	Rannsóknastofa í næringarfræði . . . . .	62
Endurhæfingarlæknisfræði / sjúkrahjálfun . . . . .	34	Bæklunarskurðlæknisfræði . . . . .	51	Barnahjúkrun . . . . .	63
Sjúkrahjálfun . . . . .	34	Háls- nef og eyrnaskurðlæknisfræði . . . . .	51	Bráðahjúkrun . . . . .	64
Læknisfræðileg endurhæfing . . . . .	35	Heila- og taugaskurðlæknisfræði . . . . .	52	Endurhæfingarhjúkrun . . . . .	64
Fæðinga- og kvensjúkdómafræði . . . . .	35	Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði . . . . .	52	Fjölskylduhjúkrun . . . . .	64
Meðgöngu- og fæðingfræði . . . . .	35	Lýtaskurðlæknisfræði . . . . .	53	Geðhjúkrun . . . . .	64
Kvensjúkdómafræði . . . . .	36	Skurðlækningar brjósta, innkirtla og meltingarfæra . . . . .	53	Hjúkrun aðgerðasjúklinga . . . . .	65
Geðsjúkdómafræði . . . . .	36	Þvagfæraskurðlæknisfræði . . . . .	54	Hjúkrun langveikra fullorðinna . . . . .	66
Almenn geðlæknisfræði . . . . .	36	Æðaskurðlæknisfræði . . . . .	54	Hjúkrunarstjórnun . . . . .	66
Sálarfræði . . . . .	37	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði . . . . .	54	Krabbameinshjúkrun . . . . .	66
Krabbameinshjúkrun . . . . .	38	Sýklafræði . . . . .	55	Kynheilbrigði . . . . .	67
Lífefna- og sameindalíffræði . . . . .	39	Sýklafræði . . . . .	55	Skurð-, svæfinga- og gjörgæslu-hjúkrun . . . . .	67
Lífefnafræði og meinafræði . . . . .	39	Veirufraði . . . . .	56	Upplýsingatekni í hjúkrun . . . . .	67
Lyflæknisfræði . . . . .	40	Taugasjúkdómafræði . . . . .	56	Öldrunarhjúkrun . . . . .	68
Blóðlæknisfræði . . . . .	40	Öldrunarlæknisfræði . . . . .	57	Meðgönguvernd . . . . .	68
Gigtarlæknisfræði . . . . .	41	Blóðbankinn . . . . .	57	Fæðingarhjálp . . . . .	68
Hjartalæknisfræði . . . . .	42	Eðlisfræðingar . . . . .	58	Umönnun í sengurlegu . . . . .	69
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði . . . . .	43	Félagsráðgjafar . . . . .	58	Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga . . . . .	69
Innkirtlalæknisfræði . . . . .	43	Geislafræðingar . . . . .	58	Skrifstofa forstjóra . . . . .	69
Lungnalæknisfræði . . . . .	44	Iðjuþjálfar . . . . .	58	Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar . . . . .	69
Meltingarlæknisfræði . . . . .	45	Lífefnafræðingar . . . . .	58	Skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga . . . . .	70
Nýrnalæknisfræði . . . . .	45	Lífefnafræði . . . . .	59	Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar . . . . .	70
Smitsjúkdómalæknisfræði . . . . .	46	Lyfjafræðingar . . . . .	60	Skrifstofa tækni og eigna . . . . .	71
Meinafræði . . . . .	47	Sálarfræði vefrænna deilda . . . . .	61		

## Yfirlit yfir vísindastörf á LSH 2008 í starfrósróð

Almenn geðlæknisfræði . . . . .	36	Hjúkrun langveikra fullorðinna . . . . .	66	Sálarfræði vefrænna deilda . . . . .	61
Augnlæknisfræði . . . . .	32	Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði . . . . .	43	Sálgæsla presta og djákna . . . . .	61
Barnahjúkrun . . . . .	63	Iðjuþjálfar . . . . .	58	Sjúkrahjálfun . . . . .	34
Barnalæknisfræði . . . . .	33	Innkirtlalæknisfræði . . . . .	43	Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga . . . . .	69
Blóðbankinn . . . . .	57	Krabbameinshjúkrun . . . . .	66	Skrifstofa forstjóra . . . . .	69
Blóðlæknisfræði . . . . .	40	Krabbameinshjúkrun . . . . .	38	Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar . . . . .	69
Bráðahjúkrun . . . . .	64	Kvensjúkdómafræði . . . . .	36	Skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga . . . . .	70
Bráðalæknisfræði . . . . .	33	Kynheilbrigði . . . . .	67	Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar . . . . .	70
Bæklunarskurðlæknisfræði . . . . .	51	Lífefnafræði og meinafræði . . . . .	39	Skrifstofa tækni og eigna . . . . .	71
Eðlisfræðingar . . . . .	58	Lífefna- og sameindalíffræði . . . . .	39	Skurðlækningar brjósta, innkirtla og meltingarfæra . . . . .	53
Endurhæfingarhjúkrun . . . . .	64	Lífefnafræði . . . . .	58	Skurðlæknisfræði . . . . .	51
Endurhæfingarlæknisfræði / sjúkrahjálfun . . . . .	34	Lífefnafræði . . . . .	59	Skurð-, svæfinga- og gjörgæslu-hjúkrun . . . . .	67
Félagsráðgjafar . . . . .	58	Lungnalæknisfræði . . . . .	44	Smitsjúkdómalæknisfræði . . . . .	46
Fjölskylduhjúkrun . . . . .	64	Lyfjafræðingar . . . . .	60	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði . . . . .	54
Fæðinga- og kvensjúkdómafræði . . . . .	35	Lyflæknisfræði . . . . .	40	Sýklafræði . . . . .	55
Fæðingarhjálp . . . . .	68	Lýtaskurðlæknisfræði . . . . .	53	Sýklafræði . . . . .	55
Geðhjúkrun . . . . .	64	Læknisfræðileg endurhæfing . . . . .	35	Talmeinafræðingar . . . . .	62
Geðsjúkdómafræði . . . . .	36	Meðgöngu- og fæðingfræði . . . . .	35	Taugasjúkdómafræði . . . . .	56
Geislafræðingar . . . . .	58	Meðgönguvernd . . . . .	68	Umönnun í sengurlegu . . . . .	69
Gigtarlæknisfræði . . . . .	41	Meinafræði . . . . .	47	Upplýsingatekni í hjúkrun . . . . .	67
Háls- nef og eyrnaskurðlæknisfræði . . . . .	51	Meltingarlæknisfræði . . . . .	45	Veirufraði . . . . .	56
Heila- og taugaskurðlæknisfræði . . . . .	52	Myndgreining . . . . .	48	Þvagfæraskurðlæknisfræði . . . . .	54
Hjartalæknisfræði . . . . .	42	Nýrnalæknisfræði . . . . .	45	Æðaskurðlæknisfræði . . . . .	54
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði . . . . .	52	Ónæmisfræði . . . . .	49	Öldrunarhjúkrun . . . . .	68
Hjúkrun aðgerðasjúklinga . . . . .	65	Rannsóknastofa í næringarfræði . . . . .	62	Öldrunarlæknisfræði . . . . .	57
Hjúkrunarstjórnun . . . . .	66	Sálarfræði . . . . .	37		



# Vísindastefna Landspítala

## Framtíðarsýn

Öflugt vísindastarf er forsenda góðrar heilbrigðisþjónustu og menntunar heilbrigðisstétta. Landspítali - háskólasjúkrahús vinnur ásamt öðrum vísinda- og heilbrigðisstofnunum að því að bæta heilbrigði þjóðarinnar með hagnýtingu vísindarannsókna og þekkingarmiðlun. Í ljósi þessa setur Landspítali - háskólasjúkrahús sér það markmið að vera árið 2012 eitt af fimm bestu háskólasjúkrahúsum á Norðurlöndum hvað varðar árangur og afköst í vísindarannsóknum.

## Stefna

LSH verði í fremstu röð alþjóðlega í heilbrigðisvísindum og eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrir innlendar og erlendar stofnanir og fyrirtæki. Fjárframlag stjórnvalda til vísindarannsókna á LSH fylgi þeirri þróun sem er hjá norrænum háskólasjúkrahúsum og verði orðið 3% af veltu spítalans fyrir árið 2011 og fari um helmingur til Vísindasjóðs LSH. Jafnframt er gert ráð fyrir því að vísindamenn spítalans sækji samsvarandi fjármagn til ytri samkeppnissjóða. Nýting fjár til vísindarannsókna á LSH fari eftir árangursmati og samkeppni með jafningjamati. Markvisst verði unnið að bættari aðstöðu til vísindastarfa, uppbyggingu öflugra vísindahópa og nýliðun. Vísindaverkefni nái til grunnrannsókna, klínískra rannsókna og lýðheilsurannsókna og taki tillit til þarfa samfélagsins. Lögð er áhersla á að rannsóknir séu alþjóðlega samkeppnisfærar og hvatt er til breiðrar faglegar nálgunar.

## Framkvæmd

### Markaðssókn

- Kynna sérstöðu og styrkleika LSH til vísindastarfa og menntunar fyrir stjórnvöldum og almenningi.
- Kynna niðurstöður og ávinning af vísindastarfsemi LSH.
- Koma á samstarfssamningum við innlendar og erlendar vísindastofnanir um sameiginleg vísindaverkefni, klínískra gagnagrunna og tengdar stöður vísindamanna.
- Kynna kraftmikinn hóp reyndra og upprennandi vísindamanna sem gera LSH aðlaðandi kost til samstarfs fyrir öflugra vísindamenn.

### Fjáröflun

- Efla fjárstreymi frá styrktaraðilum utan spítalans.
- Skipuleggja faglega aðstoð við öflun styrkja og frágang einkaleyfa.

### Skipting rannsóknarfjár

Fjárframlag Vísindasjóðs LSH renni

- til rannsóknarhópa spítalans í samræmi við árangur í vísindarannsóknum undanfarin 5 ár.
- í samkeppnissjóð samkvæmt umsóknum.
- til ungra, upprennandi vísindamanna og doktorsnema á sjúkrahúsinu.

Hlutfall hvers þáttar er ákveðinn af stjórn Vísindasjóðs og Vísindaráði LSH.

### Eftirfylgni

Árlegt uppgjör sýni að fjármögnun og nýting fjár til vísinda er gegnsæ og fylgir viðurkenndum reglum um rekstur.

### Innri aðstaða

Stuðlað verður að uppbyggingu öflugra rannsóknarhópa sem byggja á starfi vísindamanna sem hafa þegar hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Þar verði

- rekstrarleg ábyrgð
- handleiðsla doktorsnemenda
- post-doc stöður
- þróun fjölfaglegra vísindaverkefna

Tryggt verður að vísindamenn og rannsóknarhópar sem fá fjárframlög skv. árangursmati hafi húsnæði, aðgang að sjúklingum, legudeildum og tækjabúnaði á spítalanum eftir því sem klínísk notkun þessarar aðstöðu leyfir.

Stuðlað verður að uppbyggingu lífsýnabanka og rafræna gagnabanka þar sem vísindamönnum sjúkrahússins er tryggður aðgangur til að svara vísindalegum spurningum.



## Ábyrgð

- Vísindastefna er samþykkt af framkvæmdastjórn.
- Vísindaráð LSH er ráðgefandi um allt er varðar framkvæmd vísindastefnu spítalans.
- Vísindaráð LSH semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir og með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla.
- Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar annast framkvæmd vísindastefnu fyrir hönd framkvæmdastjórnar LSH.
- Forstöðumenn fræðisviða/forsvarsmenn fræðigreina, vísindakjarnar og einstakir vísindamenn bera ábyrgð á sínum vísindarannsóknum.
- Sjúkrahúsið ber lögbundna ábyrgð á öllum gögnum um sjúklinga og lífsýnum sem safnað er á vegum LSH.

## Mælingar

Árangur og afköst verða mæld með

- ISI skráðum vísindagreinum
- tilvitnunum
- mati ytri aðila
- fjölda nema í meistara- og doktorsnámi
- fjölda alþjóðlegra samstarfsverkefna
- fjárhæðum aðfengra styrkja
- stofnun sprotafyrirtækja
- fjölda einkaleyfa
- öðrum þáttum s.s. matsreglum HÍ.

## Greinargerð

Með því að úthluta fé til vísindarannsókna á grundvelli árangursmælinga tryggir LSH nýtingu fjármagnsins.

Með því að úthluta hluta rannsóknarfjár á grundvelli árangurs undanfarinna ára er byggt á þeim styrk sem er í vísindarannsóknum á stofnuninni, enda eru rannsóknarhópar sem hafa sannað árangur sinn líklegastir til að halda því áfram og nýta féð með mestum árangri.

Með því að úthluta fé á grundvelli nýrra umsókna gefst færi á að styrkja ný og vönduð verkefni.

Þannig er til dæmis hægt að taka sérstakt tillit til ungra og efnilegra vísindamanna og þeirra sem eru nýlega komnir til starfa á LSH.

Jafningjamati er beitt til að meta umsóknir um styrki til nýrra vísindarannsókna. Þannig eru yfirmenn hvattir til þess með beinni tengingu milli fjármögnunar á vísindastarfsemi og árangurs að ráða til starfa framúrskarandi unga vísindamenn og skapa þeim svigrúm til uppbyggingar.

Stuðst er við árangursmælingu og jafningjamati til að úthluta fé til vísindarannsókna í þeim löndum þar sem bestur árangur hefur náðst. Í Finnlandi er til dæmis úthlutað að verulegu leyti á grundvelli árangurs undanfarinna ára og í Bandaríkjunum er byggt á samkeppni og jafningjamati.

Áætlað er að LSH verji um 1,5% af ársveltu til vísindarannsókna. Til viðmiðunar fær Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi til vísindarannsókna upphæð sem svarar til 12% af árlegri veltu þess þar af kemur tæpur helmingur eða 5% beint frá sjúkrahúsinu sjálfu eða heilbrigðisyfirvöldum.

# Hagnýtar upplýsingar fyrir rannsakendur

## Tilkynna þarf allar nýjar vísindarannsóknir á LSH

Landspítali heldur gagnagrunn yfir vísindaverkefni sem unnin eru á spítalanum og þarf að standa skil á upplýsingum um vísindastörf starfsmanna til yfirvalda.

Þegar leyfi hafa fengist fyrir rannsókn skal senda tilkynningu um verkefnið til Oddnýjar Gunnarsdóttur, skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar, 13C, LSH Fossvogi (oddnygun@landspitali.is, sími 543-1470). Í tilkynningunni þarf að koma fram heiti verkefnis, upphaf og áætluð lok þess, nöfn rannsakanda, starfsheiti, hvar viðkomandi starfar á LSH eða hvar rannsakandi starfar sé hann ekki starfsmaður LSH og hvort verkefnið er nemaverkefni. Þegar verkefnið hefur verið skráð fær ábyrgðarmaður rannsóknarinnar sérstakt rannsóknarnúmer í gagnagrunni LSH um vísindaverkefni á spítalanum.

Formlega samninga þarf að gera um allar rannsóknir sem utanaðkomandi aðilar, s.s. fyrirtæki og aðrar rannsóknarstofnanir, koma að og nýta mannafla, efnivið og aðstöðu á spítalanum. Einnig þarf að gera formlega samninga um rannsóknir sem styrktar eru af stórum erlendum vísindasjóðum þar sem krafist er mótfamlags í formi aðstöðu.

Vísindapjónustudeild SKVP sér um gerð samninga fyrir hönd LSH sem undirritaðir eru af framkvæmdastjóra kennslu, vísinda og fræða.

## Rannsakendum er ennfremur bent á reglur Landspítala um vísindarannsóknir

### I. Leyfi sem þarf að afla áður en rannsókn hefst

Leyfi fyrir vísindarannsókn þarf eftir atvikum að fá frá eftirtöldum aðilum:

#### 1. Frá framkvæmdastjóra lækninga eða framkvæmdastjóra hjúkrunar á LSH

Framkvæmdastjóri hjúkrunar veitir heimild fyrir rannsóknem sem einungis varða hjúkrun og hjúkrunarskráningu. Beiðni skal send til Önnu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar, Eiríksstötu 5, 101 Reykjavík. Sé fyrirhugað að nota önnur sjúkraskrárgögn LSH þarf að afla heimildar frá framkvæmdastjóra lækninga. Beiðni skal send til Björns Zoëga framkvæmdastjóra lækninga, Eiríksstötu 5, 101 Reykjavík. Í beiðni um heimild til vísindarannsókna ber að tilgreina hvaða gögn viðkomandi rannsakandi hyggst nota og í hvaða tilgangi, svo og hvernig vörslu þeirra verður háttáð.

#### 2. Frá siðanefndum

Umsókn sendist til einnar af þremur eftirtöldum siðanefndum eftir eðli verkefnisins og eftir atvikum einnig til Tilraunadýranefndar.

##### a. Siðanefnd LSH

Ef verkefnið er heilbrigðisrannsókn sem alfarið er unnin af starfsmönnum LSH eða aðilum, sem ráðnir hafa verið til verkefnisins af ábyrgðaraðila á LSH, er sótt um til Siðanefndar LSH. Þegar um samstarfsverkefni við Háskóla Íslands er að ræða er einnig sótt um til Siðanefndar LSH. Fylla þarf út viðeigandi umsóknareyðublað, sem sendist til Siðanefndar LSH, SKVP, C13 LSH Fossvogi (sidanefnd@landspitali.is).

##### b. Vísindasiðanefnd

Ef verkefnið, er samvinnuverkefni með aðilum utan LSH (sjá þó lið a. varðandi starfsmenn HÍ), s.s. innlendum eða erlendum rannsóknarstofnunum, er sótt um til Vísindasiðanefndar. Fylla þarf út umsóknareyðublað sem hægt er að sækja á heimasíðu nefndarinnar í samræmi við reglur Vísindasiðanefndar og senda til nefndarinnar að Vegmúla 3, 108 Reykjavík.

##### c. Siðanefnd stjórnsýslu LSH

Ef verkefnið varðar rannsókn á aðbúnaði, starfsmönnum eða stjórnsýslu á LSH þarf að afla formlegs leyfis frá Siðanefnd stjórnsýslu á LSH. Fylla þarf út viðeigandi umsóknareyðublað sem sendist til Karólínu Sveinsdóttur á Skrifstofu starfsmannamála, Eiríksstötu 5, 101 Reykjavík (karolins@landspitali.is).

##### d. Tilraunadýranefnd

Ef verkefnið varðar dýratilraunir, leyfi fyrir aðstöðu fyrir tilraunadýr og tilraunastöð þarf að afla formlegs leyfis Tilraunadýranefndar. Upplýsingar um umsóknir er unnt að nálgast á heimasíðu yfirdýralæknis og senda til Tilraunadýranefndar, Landbúnaðarstofnun, Austurvegi 64, 800 Selfossi. Bent er á að unnt er að hafa samband við formann nefndarinnar sem er Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, (halldor.runolfsson@lbs.is).

### 3. Leyfi frá Persónuvernd eða formleg tilkynning um verkefnið

Sé ætlunin að nýta persónuauðkennanleg rannsóknargögn er skylt að afla formlegs leyfis frá Persónuvernd eða tilkynna stofnuninni formlega um þau vísindaverkefni. Skal það gert í samræmi við reglur Persónuverndar þar að lútandi.

### 4. Leyfi frá öðrum aðilum í sérstökum tilvikum

#### a. Stjórn lífsýnasafns

Ef ætlunin er að nýta sýni úr lífsýnasöfnum þarf að fá leyfi frá stjórn viðeigandi lífsýnasafns. Upplýsingar um lífsýnasöfn sem fengið hafa starfsleyfi hérlendis er að finna á heimasíðu Landlæknisembættisins og þar eru einnig nánari upplýsingar um leyfi til að nýta lífsýni.

#### b. Krabbameinsskrá

Ef ætlunin er að nota upplýsingar úr Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins þarf að afla til þess sérstaks leyfis. Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Krabbameinsfélagsins. Umsóknir sendist til Jóns Gunnlaugs Jónssonar, yfirlæknis Krabbameinsskrár og sérfræðings á Rannsóknarstofnun í meinafræði á Landspítala (jongj@landspitali.is, sími: 543-8354). Ekki eru öll nemaverkefni leyfisskyld af hálfu siðanefndar.

#### c. Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands

Sé ætlunin að nýta ættfræðiupplýsingar er hægt að leita til Erfðafræðinefndar HÍ. Að fengnum viðeigandi leyfum veitir stjórn Erfðafræðinefndar samþykki fyrir upplýsingagjöf. Fyrirspurnir sendist til Önnu Guðrúnar Hafsteinsdóttur Þorfinnsgötu 14, 4. hæð. s. 543-7143, (jara@landspitali.is).

### 5. Samþykki deildarstjóra/yfirlæknis/forstöðumanns eða sviðstjóra

Sé fyrirhugað að nota aðstöðu og/eða búnað á LSH og/eða ráða sérstakan starfsmann í fullt starf eða hlutastarf til vísindaverkefnis skal afla formlegs leyfis frá deildarstjóra/yfirlækni á deildinni

sem rannsóknin tengist. Handhafi ráðningarvalds undirritar ráðningarsamning nýs starfsmanns, viðeigandi eyðublað er hægt að finna á heimasíðu skrifstofu mannauðsmála.

## II. Aðstoð og kröfur vegna samninga við lyfjafyrirtæki, erlendar og innlendar rannsóknarstofnanir um vísindasamstarf og mótframlag LSH í umfangsmiklum rannsóknarverkefnum

Hafi vísindarannsókn í för með sér sérstakan kostnað fyrir LSH þarf að gera nánari grein fyrir umfangi verkefnis og áætluðum kostnaði. Jafnframt þarf að gera formlegan samning við Landspítala um verkefnið. Á þetta t.d. við um klínískar lyfjatilraunir eða umfangsmikil rannsóknarverkefni, sem fjármögnuð eru af erlendum sjóðum, innlendum eða erlendum rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum. Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir yfirlæknir á SKVP hefur umsjón með slíkri samningagerð fyrir hönd LSH og er starfsmönnum bent á að hafa samband við hana. Undirritun samninga er í höndum framkvæmdastjóra skrifstofu kennslu vísinda og þróunar.

Samningar vegna umfangsmikilla rannsóknarverkefna taka til eftirtalinna þátta:

### 1. Aðstaða á LSH og áætlaður viðbótarkostnaður

Gera þarf grein fyrir þeirri aðstöðu eða búnaði á LSH, sem áformað er að nýta við rannsóknina. Ef gert er ráð fyrir aukakostnaði vegna vinnu starfsmanna við verkefnið, kostnaði við aukabúnað eða einnota hluti, sem notaðir verða við rannsóknina svo og kostnað vegna ýmiss konar rannsókna sem ekki er samið sérstaklega um (s.s. myndgreiningar, EKG, sjúkraskrár eða blóðrannsóknir) skal gera sérstaka grein fyrir áætluðum viðbótarkostnaði á sérstöku eyðublaði

### 2. Ráðning starfsmanna til vísindaverkefnis

Áður en gengið er frá ráðningu starfsmanna skal tryggt að fjármunir til greiðslu launa og launatengdra gjalda séu fyrir hendi og að samþykki viðkomandi deildarstjóra/yfirlæknis/forstöðumans eða sviðsstjóra á LSH liggja fyrir. Ráðning skal vera í samræmi við reglur LSH og einnig röðun starfsmanna vegna launa. Handhafi ráðningarvalds þess sviðs, er starfsmaður mun starfa á, skal undirrita ráðningarsamning. Ráðningarsamningur á að vera tímasettur þannig að fram komi að ráðning sé háð fjármögnun vísindarannsóknarinnar og að staðan verði lögð niður þegar rannsókn er lokið eða fjármögnun hættir. Slík tímabundin ráðning getur ekki varað lengur en tvö ár vegna ákvæða um tímabundnar ráðningar ríkisstarfsmanna í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Einnig þarf að tilkynna nýjan starfsmann í ORACLE. Senda skal tilkynningu um nýjan starfsmann á skrifstofu mannauðsmála.

Ef um verktakagreiðslur er að ræða skal áritari/ábyrgðarmaður rannsóknar tryggja að fjármunir séu fyrir hendi og samþykkja greiðslur.

### 3. Greiðslur fyrir rannsóknarstörf utan vinnutíma á LSH og skipting vinnutíma

Ábyrgðarmanni rannsóknar eða samstarfsmönnum/ aðstoðarmönnum hans, sem starfa á LSH, er heimilt að þiggja laun eða greiðslur fyrir vinnuframlag sitt við rannsókn á LSH, sem innt er af hendi utan hefðbundins vinnutíma á spítalanum. Á sérstöku eyðublaði skal gera grein fyrir því vinnuhlutfalli, sem fyrirhugað er að nýta til rannsóknarvinnunnar innan og utan hefðbundins vinnutíma LSH. Skal þetta gert í samráði við viðkomandi yfirmann.

Öll meðferð fjármuna skal vera í samræmi við reglur LSH þar að lútandi.

Ekki þarf að gera grein fyrir skiptingu vinnutímans ef starfsmaður ætlar að vinna að rannsókninni launalaust, utan hefðbundins vinnutíma.

## III. Varsla fjármuna

LSH býður upp á fjárumýslu vísindaverkefna starfsmanna sinna, hafa skal samráð við Eyrúnu Steinsson aðstoðarmann framkvæmdastjóra, skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar, 13C (eyrunst@landspitali.is, sími 543-1465). Sömu reglur gilda um rannsóknarsjóði starfsmanna og um opinbera fjármálaumsýslu.

Rannsakanda, sem jafnframt er starfsmaður Háskóla Íslands, annarrar rannsóknarstofnunar eða fyrirtækis er heimilt að fela þeim stofnunum varðveislu og umsýslu fjárins. Starfsmönnum LSH er einnig heimilt að varðveita fjármuni í sérstöku sjóði sem starfar samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra.

## IV. Stjórnunar- og aðstöðugjald vegna vísindaverkefna

Stjórnunar- og aðstöðugjald vegna vísindaverkefna er 12,45% sbr. reglur LSH um vísindarannsóknir. Gjaldið er einungis tekið af styrkjum sem gera ráð fyrir slíkum aðstöðugjaldsgreiðslum. Óski rannsóknaraðili eftir niðurfellingu þessa gjalds getur hann sótt um það á sérstöku eyðublaði. Umsóknin sendist til Eyrúnar Steinsson aðstoðarmanns framkvæmdastjóra, SKVP, 13C (eyrunst@landspitali.is, sími 543-1465). Sé niðurfelling samþykkt skal upphæðin skráð sem framlag LSH til rannsóknarinnar.

Stjórnunar- og aðstöðugjaldið rennur að helmingi í sérstakan sjóð, Magna, til uppbyggingar á aðstöðu til vísindarannsókna á LSH.

### Styrkir til greiðslu fyrir tölfræðipjónustu frá skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar (SKVP) greiðir fyrir almenna tölfræðipjónustu svo sem leiðbeiningar við aðferðafræði og aðstoð við úrvinnslu gagna. Hámarksstyrkur er kr. 75.000 fyrir hvert verkefni.

Ekki er veittur styrkur til verkefna nema og þeim því bent á að leita til sinna háskóladeildar.

### Ferli umsókna um styrk

Rannsakendur hafi samband við Eyrúnu Steinsson (eyrunst@landspitali.is, s. 543 1465) á SKVP áður en þeir semja um greiðslur vegna tölfræðivinnu. Þeir þurfa að gera stutta grein fyrir eðli verkefnisins, hvaða tölfræðipjónustu þeir þurfi og áætlaðan kostnað.

Rannsakendur hafi sjálfir samband við tölfræðing og semji um þjónustuna.

Eftirtaldir upplýsingar þurfa að fylgja reikningi sem sendur er til Eyrúnar Steinsson eru:

- Heiti verkefnis og ábyrgðarmaður rannsóknar
- Heiti tölfræðings, kennitala og reikningsnúmer
- Fjöldi vinnustunda sem rukkaðar eru og tímakaup útseldrar vinnu.



## Vísindasjóður

Vísindasjóður LSH er rannsóknarsjóður, sem árlega veitir um það bil 50 milljónum króna í rannsóknarstyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs ákveður hverjir fá styrki úr sjóðnum, með hliðsjón af umsögnum frá Vísindaráði LSH. Styrkir eru veittir einu sinni á ári og eru afhentir á vísindadögum að vori.

Stjórn vísindasjóðs LSH, skipuð í mars 2006 til fjögurra ára.

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Herdís Herbertsdóttir sviðsstjóri hjúkrunar

Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar

Hulda Gunnlaugsdóttir forstjóri, sem jafnframt er formaður

Rúnar Bjarni Jóhannsson sviðsstjóri fjármálasviðs



## Vísindaráð

Vísindaráð er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu. Einnig um allt sem snertir vísindastefnu sjúkrahússins gagnvart háskólastofnunum og einkafyrirtækjum hér á landi eða í öðrum löndum.

Vísindaráð LSH er skipað sjö mönnum til fjögurra ára, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnar 15. mars 2005.

Vísindaráð hefur það hlutverk að sjá um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á spítalanum.

Árlega eru haldnir vísindadagar þar sem markverðar vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Þá er vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði LSH samkvæmt reglum sjóðsins, og semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir og með hlíðsjón af matsreglum íslenskra háskóla.

Vísindaráð er skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar til ráðgjafar um þau verkefni hennar sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

## Vísindastyrkir 2008

Alls bárust 144 styrkumsóknir til Vísindasjóðs 2008, um 197 milljónir króna. Vísindaráð mat umsóknir og gerði tillögur til stjórnar Vísindasjóðs og 101 verkefni hlaut styrk. Úthlutað var 54,5 milljónum króna.

### Vísindi á vordögum

“Vísindi á vordögum” stóðu að þessu sinni yfir 30. apríl til 7. maí.

Aðalfyrirlesari var dr. Robin Murray prófessor í geðlækningum við Maudsley, Kings College Lundúnaháskóla.

Heiðursvísindamaður ársins var að þessu sinni valinn Bjarni Þjóðleifsson yfirlæknir og prófessor á Lyflækningasviði

Ungur vísindamaður ársins var Helga Kristjánsdóttir náttúrufræðingur og doktorsnemi á rannsóknarstofu í gegtsjúkdómum.

Verkefnastjóri Vísindaráðs er Sigríður Sigurðardóttir.

### Vísindaráð LSH skipað 28. desember 2005 til fjögurra ára

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor (formaður)

- skipaður af læknaáráði

Rósa Björk Barkardóttir yfirmáttúrufræðingur (varaformaður)

- skipaður af forstjóra LSH

Eiríkur Örn Arnarson forstöðusálfræðingur og dósent

- skipaður af forstjóra LSH

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor

- skipaður af hjúkrunarfræðideild HÍ

Jón G. Jónasson yfirlæknir og prófessor

- skipaður af læknaáráði

Magnús Karl Magnússon sérfræðilæknir

- skipaður af læknaáráði

Sigríður Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur og lektor

- skipaður af hjúkrunaráráði

### Varamenn

Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir og prófessor

- skipaður af læknaáráði

Einar Stefánsson forstöðulæknir og dósent

- skipaður af læknaáráði

Eiríkur Lindal sálfræðingur - skipaður af forstjóra LSH

Helga Bragadóttir hjúkrunarfræðingur og lektor

- skipaður af hjúkrunaráráði

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor

- skipaður af hjúkrunarfræðideild HÍ

og síðar Ólöf Ásta Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og lektor

- skipaður af hjúkrunarfræðideild HÍ

Magnús Gottfredsson sérfræðilæknir og dósent

- skipaður af læknaáráði

Þórunn Helgason heilbrigðisverkfræðingur og aðjúnt

- skipaður af forstjóra LSH



# Styrkveitingar Vísindasjóðs Landspítala 2008

Aðild stutta arms litnings 3 í sjúkdómsferli krabbameina. Þórgunnur E. Pétursdóttir, Valgarður Egilsson, Jóhannes Björnsson, Páll Helgi Möller, Unnur Þorsteinsdóttir, Sigurður Ingvarsson, Stefan Imreh.

Afleiðingar höfuðáverka meðal íslenskra barna og unglinga. Jónas G. Halldórsson, Eiríkur Örn Arnarson, Guðmundur B. Arnkelsson, Hulda Brá Magnadóttir, Kjell M. Flekkøy, Kristinn Tómasson.

Algengi og nýgengi samfallsbrota í hrygg meðal 75-80 ára kvenna, greint með mismunandi aðferðum. Gunnar Sigurðsson, Dána Óskarsdóttir.

Auka kvenhormónar áhættuna á að fá lungnakrabbamein? Halla Skúladóttir, Helgi J Ísaksson, Laufey Tryggvadóttir, Helgi Sigurðsson.

Áhrif 2ja vikna meðferðar í Bláa Lóninu á psoriasis; forrannsókn. Jenna Huld Eysteinsdóttir, Jón Hjaltalín Ólafsson, Bárður Sigurgeirsson, Steingrímur Davíðsson, Ása Brynjólfsdóttir, Björn Rúnar Lúðvíksson, Bjarni Agnarsson.

Áhrif adenovirus -36 á líkamsþyngd (BMI) – eru tengsl milli sýkinga með adenovirus-36 og líkamsþyngdar? Bjarni Þjóðleifsson (ath eða ÞG eða Ísleifur), Þórarinn Gíslason, Ísleifur Ólafsson.

Áhrif kandidatsgens brjóstakrabbameins á litningasvæði 8p12 á frumvöxt og stýrðan frumudaða (apoptosis) í brjóstafurum. Inga Reynisdóttir, Rósa Björk Barkardóttir.

Áhrif kverkeittatöku á sóra (psoriasis). Ragna Hlín Þorleifsdóttir, Helgi Valdimarsson, Sigrún Sigurðardóttir, Jón Hjaltalín Ólafsson, Bárður Sigurgeirsson, Hannes Petersen, Andrew Johnston, Ann Arbour, Jóhann Elfi Guðjónsson.

Áhrif lágskammta-mænudefingar á nauðsyn þess að setja þvaglegg. Sigurbergur Kárasón I, Þórarinn A Ólafsson.

Áhrif ómega-3 fitusýra og salicílsýru í fæði á hjöðnun bólgu. Arnór Víkingsson, Jóna Freysdóttir, Ingibjörg Harðardóttir.

Áhrif ónæmisglæða á angafrumur – lykll að eflingu ónæmissvars í nýburamúsum? Sólveig G. Hannesdóttir, Ingileif Jónsdóttir.

Áhrif reykingabanns á opinberum stöðum á Íslandi á tíðni kransæðapræðinga og kransæðavíkkana vegna óstöðugs kransæðasjúkdóms. Þórarinn Guðnason, Þorsteinn Viðar Viktorsson, Karl Andersen.

Áhrif statína og ómega-3 fitusýra í fæði á stofnfrumur æðapels. Dagbjört Helga Pétursdóttir, Björn Rúnar Lúðvíksson, Karl Andersen.

Áhrif TNFalpha og TGFbeta1 á þroskun og sérhæfingu T-fruma í T-stýrifrumur og Th17 frumur. Björn Rúnar Lúðvíksson I, Brynja Gunnlaugsdóttir, Laufey Geirsdóttir.

Áhrif þekktra og óþekktra náttúruafnaða á þroskun angafrumna. Jóna Freysdóttir, Arnór Víkingsson, Ingibjörg Harðardóttir.

Áhættureiknivél í sykursyki. Arna Guðmundsdóttir, Einar Stefánsson, Eydis Ólafsdóttir, Thor Aspelund, Toke Bek.

Áhættuþættir og batahorfur sjúklinga sem gangast undir hjartaþræðingu á Landspítala. Axel F. Sigurðsson, Hróbjartur Darri Karlsson, Þórarinn Guðnason, Erla Svansdóttir, Eric Sijbrands, Johann Denollet.

Áhættuþættir sjálfsviga og lyfjæitrana eftir heimsókn á bráðmóttökuna. Oddný S Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Rafnsson.

Árangur hugrænnar-atferlismeðferðar í hóp fyrir fullorðna með ADHD og áhrif andfélagslegrar hegðunar á meðferðarárangur. Brynjar Þór Emilsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Halldóra Ólafsdóttir, Gísli Guðjónsson, Susan Young.

Árangur kransæðahjæveituaðgerða á Íslandi. Hannes Sigurjónsson, Tómas Guðbjartsson.

Árangur míturloku-skiptaáðgerða á Íslandi 1985-2006. Tómas Guðbjartsson, Þórarinn Arnórsson, Sigurður Ragnarsson.

Árangur notkunar klínískra hjúkrunarnæringarleiðbeininga fylgikvilla og lífsgæði sjúklinga með heilablóðfall. Dórothea Bergs, Þóra Hafsteinsdóttir, Marianne Klinke, Svanhildur Sigurjónsdóttir.

Boðkerfi í æðapeli. Hlutverk Akt og AMPkínasa í fosfórúnn og örven eNOS. Guðmundur Þorgeirsson, Haraldur Halldórsson.

Breiðvirkt prótín bóluelfni og öruggir ónæmisglæðar til bólusetninga nýbura gegn pneumókokkasjúkdómum. Þórunn Ásta Ólafsdóttir, Ingileif Jónsdóttir, Eszter Nagy.

Breytingar í fjölda erfðafnisraða í erfðamengi mannsins greindar með örsýnaraðsöfnum. Jón Jóhannes Jónsson, Helga Hauksdóttir, Hans Guttormur Þormar, Bjarki Guðmundsson, Vígdís Stefánsdóttir, Jóhann Heiðar Jóhannsson, Margrét Steinarsdóttir, Hildur Harðardóttir.

Dánarorsök sjúklinga með geðræna sjúkdóma og áhrif fangelsisvistunnar. Andrés Magnússon, Steinn Steingrímsson.

Er truflun á stjórnum ónæmisvara í kverkeittum mikilvægur orsakaþáttur sóra? Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Helgi Valdimarsson, Andrew Johnston, Guðmundur Hrafn Guðmundsson.

Erfðafræði gáttatífs (genetics of atrial fibrillation). Davíð O. Arnar, Hilma Hólm, Rúna Sigurjónsdóttir, Guðmundur Þorgeirsson, Daniel Guðbjartsson, Anna Helgadóttir, Kári Stefánsson.

Faraldsfræði lungnatrefjunar á Íslandi. Gunnar Guðmundsson, Helgi J Ísaksson.

Faraldsfræði og framrás gaukla-sjúkdóma á Íslandi. Runólfr Pálsson, Ólafur S. Indriðason, Viðar Óm Eðvarðsson, Jóhannes Björnsson, Konstantín Shcherbak.

Faraldsfræði og greining baktería, ónæmisfruma og mótefna í miðeyrum barna sem fá rör. Hannes Petersen, Ólafur Guðmundsson, Björn R Lúðvíksson, Karl G. Kristinnsson, Ásgeir Haraldsson.

Fjölskylduhjúkrun á bráðgeðdeildum. Eydis Kristín Sveinbjarnardóttir, Erla Kolbrún Svavarsdóttir.

Fjölskyldumeðferð fyrir of feit börn. Ragnar Bjarnason I, Árni V Þórsson, Þrúður Gunnarsdóttir, Urður Njarðvík, Anna Sigríður Ólafsdóttir, Linda W. Craighead.

Fjölskyrusréttakar B-minnisfrumur í eitilvef nýfæddra músa. Stefania P. Bjarnarson, Ingileif Jónsdóttir, Maren Henneken, Clarie-Anne Siegrist, Emanuelle Trannoy, Giuseppe Del Giudice.

Gagnsemi mótefnavaka (pneumókokka-antigen ) leitar í þvagi til greiningar á ifarandi sýkingum af völdum pneumókokka. Helga Erlendsdóttir, Karl G. Kristinnsson, Magnús Gottfredsson.

Geðheilsa kvenna og barneignir: Meðgöngu- og fæðingarþunglyndi íslenskra kvenna, félagslegar aðstæður þeirra, notkun á geðvirkum efnum og tengsl þess við þroska barna þeirra. Jón Friðrik Sigurðsson, Halldóra Ólafsdóttir, Linda Bára Lýðsdóttir og Pétur Tyrtingsson, Arnar Hauksson, Marga Thome, Urður Njarðvík, Sigríður Sía Jónsdóttir, Sigríður Brynja Sigurðardóttir, Gyða Haraldsdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir.

Gildi einfalds spurningalista til foreldra varðandi mataræði barna. Ása Guðrún Kristjánsdóttir, Inga Þórsdóttir.

Gleiðhornaglaka og flögnunarglaka, áhættuþættir og erfðir. Friðbert Jonasson, K.F. Damji, H. Sasaki.

Góðkynja stækkun á hvekk (BPH), ábendingar og aðgerðir. Hermann Páll Sigbjarnarson, Guðmundur Geirsson.

Greiðsla fyrir sjúkráhhjúsþjónustu - ákvörðun kaupanda, áhrif á þjónustu

Bráðabirgða titill "Hospital reimbursement and associated incentives". Elin J. G. Hafsteinsdóttir, Dr. Luigi Siciliani.

Gula hjá nýburum. Þórður Þórkelsson I, Atli Dagbjartsson, Hörður Bergsteinsson, Pétur Lúðvígsson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Hanna Viðarsdóttir, Gígja Guðbrandsdóttir.

Hlutverk PTPN1 í eðlilegri brjóstþekju og í brjóstakrabbameini? Magnús Karl Magnússon, Þórarinn Guðjónsson, Valgarður Sigurðsson, Bylgja Hilmarsdóttir, Rósa Björk Barkardóttir, Bjarni A. Agnarsson, Jón. G. Jónasson, Óskar Þ. Jónasson.

Hlutverk Sprouty og sprouty-tengdra boðferla í formmyndun brjóstkirtils. Valgarður Sigurðsson, Þórarinn Guðjónsson, Magnús Karl Magnússon, Ole William Petersen.

Hodgkins lymphoma; faraldsfræðileg og meinafræðileg rannsókn. Hallgerður Lind Kristjónsdóttir, Bjarni A. Agnarsson, Brynjar Viðarsson, Friðbjörn Sigurðsson.

Homing of polysaccharide specific B cells. Maren Henneken, Ingileif Jónsdóttir.

Hverjir reykja ennþá? Samanburður á Svíum og Íslendingum. Sigríður Bára Fjalldal, Þórarinn Gíslason, Bryndís Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson, Christer Janson.

Hversu oft er meðferð við nýrnabilun á lokastigi (skilunarmeðferð) ekki beitt á Íslandi? Ólafur Skúli Indriðason I, Runólfur Pálsson, Þorbjörg Karlsdóttir.

Innleiðing vitrænnar endurhæfingar (Cognitive Remediation Therapy) á Geðsvið Landspítalans og rannsókn á árangri slíkrar endurhæfingar á einstaklingum sem greindir hafa verið með geðklofa. Kristín Hannesdóttir, Brynja B. Magnúsdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson.

Inntak starfa hjúkrunarfræðinga. Herdís Sveinsdóttir, Katrin Blöndal, Bergþóra Reynisdóttir.

Íslensk rannsókn og stöðlun á nýju skimunartæki fyrir snemmbúnum æðavitglöpum (The Memory and Executive Test Battery; METB). Kristín Hannesdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson, Jón Snædal, María K. Jónsdóttir, Brynja B. Magnúsdóttir.

Íslenska sarklíkisrannsóknin. Vefjalokkun, sjúkdómshandlingur, umhverfisþættir og ættartengsl. Sigríður Ólína Haraldsdóttir, Sveinn Guðmundsson, Björn Guðbjörnsson, Dýrleif Pétursdóttir, Þórarinn Gíslason.

Klínísk og sameindafræðileg faraldsfræði methicillin ónæmra Staphylococcus aureus (MÓSA) á Íslandi árin 2000-2008. Gunnsteinn Haraldsson, Ólafur Guðlaugsson, Hjördis Harðardóttir, Barbara J Holzkecht, Karl G. Kristinsson.

Klínísk og ættfræðileg svipgerð IgA skorts hjá Íslendingum og hugsanleg tengsl við arfgerðabreytingar. Björn Rúnar Lúðvíksson II, Guðmundur Haukur Jörgensen, Vilmondur Guðnason, Lennart Hammarström, Sveinn Guðmundsson, Ingunn Þorsteinsdóttir, Arthur Löve, Sigurjón Arlaugsson Kristleifur Kristleifsson, Ari Jóhannesson.

Kortlagning erfðabreytileika og gena sem tengjast ósæðarlokukökun og ósæðarlokuprengslum. Davíð O. Arnar, Hilma Hólm, Hrafnhildur Stefánsdóttir, Ragnar Danielsen, Daniel Guðbjartsson Anna Helgadóttir, Kári Stefánsson, Íslensk erfðagreining.

Kortlagning og einangrun meingena sem stuðla að hægatakti og leiðsluflumum í hjarta. Davíð O. Arnar, Hilma Hólm, Guðmundur Þorgeirsson, Daniel Guðbjartsson, Anna Helgadóttir, Kári Stefánsson forstjóri, Íslensk erfðagreining.

Kulnun meðal hjúkrunarfræðinga á bráða-legudeildum skurð- og lyflækningasviða LSH - Hugmyndir hjúkrunarfræðinga að bættu sálfélagslegu starfsumhverfi. Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir, Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir.

Langtíma afdrif barna sem gengust undir aðgerð við meðfæddri ósæðarþrengingu. Hróðmar Helgason, Tómas Guðbjartsson, Bjarni Torfason, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, Runólfur Pálsson, Sverrir Ingi Gunnarsson.

Langvinnur nýrnasjúkdómur í íslenskum börnum. Viðar Eðvarðsson II, Helgi Már Jónsson.

Leit að áhrifagengnum framvindu brjóstakrabbameins á litningi 8p. Rósa Björk Barkardóttir, Bjarni Agnar Agnarsson, Inga Reynisdóttir, Kristrún Ólafsdóttir, Óskar Þór Jóhannsson, Þórarinn Guðjónsson.

Lífsgæði og líðan kvenna fyrir og eftir uppbyggingu brjósta eftir krabbamein. Þórdís Kjartansdóttir, Regína Ólafsdóttir, Svanhvit Björgvinsdóttir, Ragnar F. Ólafsson.

Lífshættulegar afleiðingar sprautufiknar á Íslandi 1998-2007. Kristinn Sigvaldason, Sigurbergur Káráson, Þóroddur Ingvarsson, Jakob Kristinsson, Svava Þórðardóttir.

Lungnabrottnámsaðgerðir á Íslandi 1986-2007. Steinn Jónsson, Tómas Guðbjartsson, Helgi J. Ísaksson.

Lýf sem orsök innlagna á Landspítala. María Heimisdóttir, Anna Birna Almarsdóttir.

Mat á hreyfistarfsemi herðablaðs hjá sjúklingum sem hafa langvarandi einkenni í hálsi og herðum, með og án sögu um hálsþnyksáverka. Halldór Jónsson, Harpa Helgadóttir.

Málstol og gaumstol eftir heilablóðfall. Samband einkenna við staðsetningu heilaskaða. Sigríður Magnúsdóttir, Haukur Hjaltason, Ólafur Kjartansson, Júlíus Friðriksson, Chris Rorden.

Meinvaldar samfélagslungnabólgu á Landspítala: Framsýn rannsókn. Magnús Gottfredsson I, Agnar Bjarnason, Bjarni Geir Viðarsson, Hilmir Ásgeirsson, Karl G. Kristinsson, Ólafur Baldursson.

Non-Hodgkin's eitilfrumkrabbamein á Íslandi 1990-2005. Klínísk og meinafræðileg rannsókn. Signý Vala Sveinsdóttir, Bjarni Agnarsson, Brynjar Viðarsson, Friðbjörn Sigurðsson.

Notkun fræðsluefnis á veraldarvefnum: Samband milli lífsgæða og heilsuefingar fjölskyldna barna og unglinga með krabbamein. Anna Ólafía Sigurðardóttir, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Sigrún Þóroddsdóttir.

Nýgengi ofnæmissjúkdóma hjá 21 árs gömlum eistaklingum, framsýn rannsókn. Björn Árdal, Ásgeir Haraldsson, Herbert Eiríksson, Björn Rúnar Lúðvíksson.

Nýrnafrumkrabbamein á Íslandi. Tómas Guðbjartsson, Eiríkur Jónsson, Guðmundur Víkar Einarsson, Sverrir Harðarson, Vigdís Pétursdóttir.

Næring ungbarna: Ráðleggingar og áhrif á járnþúska; Mataræði ungbarna, inntaka næringarefna og vöxtur. Inga Þórsdóttir, Gestur Pálsson.

Ómega 3 fjölmottaðar fitusýrur til að fyrirbyggja gáttatíf eftir opna hjartaaðgerð. Ólafur Skúli Indriðason, Davíð

Otto Arnar, Viðar Örn Eðvarðsson, Runólfur Pálsson, Gizur Gottskálksson, Guðrún Valgerður Skúladóttir, Bjarni Torfason, Ragnhildur Heiðarsdóttir.

Ónæmissvör nýburamúsa gegn próteinbóluefnum meningókokka B. Ingileif Jónsdóttir, Sindri Freyr Eiðsson, Mariagrazia Pizza, Marzia Guliani.

Ónæmissvör nýburamúsa gegn próteintengdu fjölskrubóluefni gegn meningókokkum. Siggeir Fannar Brynjólfsson, Ingileif Jónsdóttir, Giuseppe Del Giudice.

Próteintjáníngi í nýrnavef. Stöðlun SELDI tækninnar og rannsókn á áhrifum blóðþurrðar á próteintjáníngi í eðlilegum nýrnavef og nýrnakrabbameinum. Vigdís Pétursdóttir, Eiríkur Jónsson, Guðmundur Víkar Einarsson, Hrefna Guðmundsdóttir, Rósa Björk Barkardóttir, Sverrir Harðarson, Tómas Guðbjartsson.

Quantitative analysis of shape changes in denervated rectus femoris treated with electrical stimulation. Þóroddur Helgason, Paolo Gargiulo, Brynjar Vatnsdal Pálsson, Páll E. Ingvarsson, Þorgeir Pálsson.

Rannsókn á erfðum magasýrusjúkdóma. Hallgrímur Guðjónsson, Sunna Guðlaugsdóttir, Bjarni Þjóðleifsson, Kristleifur Kristjánsson, Kári Stefánsson.

Rannsókn á högum og þörfum fólks með alvarlega langvinna geðsjúkdóma. Margrét Eiríksdóttir, Páll Biering.

Rannsókn sex landa á lífsviðburðum, fæðingarhraðslu og fæðingarmáta. Þóra Steingrimsdóttir, Hildur Kristjánsdóttir, Hafrún Finnbogadóttir.

Rannsóknir á líffærasértækum ónæmissjúkdómum með heilkenni Sjögrens sem móðelsjúkdóm. Björn Guðbjörnsson, Olle Kämpe.

Sameindafræðilegar orsakir ónæmis, meinvirkni og útbreiðslu Streptococcus pneumoniae. Martha Á. Hjálmarsdóttir, Karl G. Kristinsson.

Sjónþap og augnsjúkdómar við týpu 2 sykursýki. Eydis Ólafsdóttir, Einar Stefánsson, Dan K Andersson.

Skráning og mat á ávinningi íhlutunar lyfjafræðinga á deildum. Anna Ingibjörg Gunnarsdóttir, Þórunn Kr. Guðmundsdóttir, Ingibjörg Gunnþórsdóttir, Anna Birna Almarsdóttir.

Smáæðablóðflæði í þörmum. Gísli H. Sigurðsson, Luzius Hildebrand, Vladimir Krejci.

Sorgarviðbrögð eklla. Bragi Skúlason, Þórdís Ingólfssdóttir, Sigfinnur Þorleifsson, Gísli Pálsson.

Súrefnismælingar í augnbotnum. Einar Stefánsson, Sindri Traustason, Sveinn Hákon Harðarson, Þór Eysteinnsson, María Soffía Gottfredsdóttir, Samy Basit, Sandra Kunze, Aðalbjörn Þorsteinsson, Jón Atli Benediktsson, Karl S. Guðmundsson, Giulia Troglia, James Melvin Beach, Gísli Hreinn Halldórsson, Róbert Ar.

Sýklasótt og sýklasóttarlost á Íslandi: Tíðni, orsakir og meðferðarárangur. Gísli H. Sigurðsson, Sigurbergur Káráson, Sigurður E Sigurðsson, Edda Vésteinsdóttir.



Tengsl átraskana við hvatvísi, árættu/bráhyggju og hugsanaskekkiur. Ragnar P. Ólafsson, Jakob Smári, Ívar Snorrason, Guðlaug Þorsteinsdóttir, Elfa Björt Hreinsdóttir.

Tengsl blóðstorkupátta við heilablóðfall. Páll Torfi Öundurson, Brynja R. Guðmundsdóttir, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, Pálmi V. Jónsson, Vílmundur Guðnason, Lenore Launer, Thor Aspelund.

Tengsl PD-1.3A arfgerðar við minnkaða tjáningu PD-1 viðtakans hjá SLE sjúklingum. Kristján Steinsson, Helga Kristjánsdóttir, Gerður Gröndal, Kristján Erlendsson.

Tengslagreining í völdum fjölskyldum með háa tíðni brjóstakrabbameins. Aðalgeir Arason, Rósa Björk Barkardóttir, Bjarni A. Agnarsson, Óskar Þór Jóhannsson.

Tíðni og stigun lang-vinnrar svæsinnar (NYHA III-IV) hjartabilunar á Íslandi og heilsuhagfræðilegur ávinningur af hátækni meðferð við sjúkdómnum. Vilborg Þ. Sigurðardóttir, Vílmundur Guðnason, Guðmundur Þorgeirsson, Thor Aspelund, Gestur Þorgeirsson, Inga S. Þráinsdóttir, Anna S. Gunnarsdóttir, Axel F. Sigurðsson.

Tíðni sýkinga á ganglim eftir bláæðatöku við opnar hjartaaðgerðir. Helga Guðrún Hallgrímsdóttir, Tómas Guðbjartsson, Ásta St. Thoroddsen.

Tíðni, orsakir og birtingarmynd heilalómunar hjá íslenskum börnum. Þórður Þórkelsson II, Sólveig Sigurðardóttir, Ólafur Thorarensen, Berglind Steffensen, Margrét Halldórsdóttir.

Varnir lungnaþekju. Ólafur Baldursson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Þórarinn Guðjónsson, Magnús Gottfredsson, Pradeep K. Singh.

Vefjaræktun lungna. Þórarinn Guðjónsson, Magnús Karl Magnússon, Ólafur Baldursson, Tómas Guðbjartsson.




Þáttur hsp90 og antimicrobial peptíða í meinþróun alvarlegra sveppasýkinga. Magnús Gottfredsson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Lena Rós Ásmundsdóttir, Helga Erlendsdóttir, Bjarni A. Agnarsson.

Þáttur mataræðis í selenhag ungra stúlkna. Ingibjörg Gunnarsdóttir, Laufey Steingrimsdóttir.

Pungun eftir hjáveituaðgerð. Hildur Harðardóttir, Alda Birgisdóttir, Björn Geir Leifsson, Reynir Tómas Geirsson.

Þættir í umhverfi hjúkrunarfræðinga sem hvetja til gagnreyndra starfsháttá. Hrund Scheving Thorsteinsson, Connie Delaney, Herdís Sveinsdóttir, Friðrik H. Jónsson, Jón Gunnar Bernburg.

Öryggi í heilbrigðisþjónustu. Þekking og mannaflí í hjúkrun á bráða legudeildum: verkferlar og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Helga Bragadóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Helgi Þór Ingason, Anna Stefánsdóttir, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Lovisa Baldursdóttir, Svava K. Þorkelsdóttir, Sean Clarke, Kathie Krichbaum.







# Ársskýrsla Siðanefndar stjórnýslurannsókna á LSH

Siðanefnd stjórnýslurannsókna á LSH var skipuð samkvæmt erindisbréfi

12. mars 2004, til fjögurra ára.

Í nefndinni eiga sæti:

Erna Einarsdóttir, sviðsstjóri mannauðsmála, formaður  
Varamaður: Svava Þorkelsdóttir, deildarstjóri, skrifstofu mannauðsmála

Jóhannes Pálmason, yfirlögfræðingur  
Varamaður: Oddur Gunnarsson, lögfræðingur, skrifstofu mannauðsmála

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, félagsvísindadeild HÍ.  
Varamaður: Ómar H. Kristmundsson, lektor, félagsvísindadeild HÍ.

Ritari nefndarinnar:  
Karólína Sveinsdóttir, skrifstofustjóri, skrifstofu mannauðsmála

Í mars 2008 luku störfum með nefndinni þeir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor og Ómar H. Kristmundsson, lektor þar sem skipunartími þeirra var liðinn og þeir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Á vormánuðum lét einnig af nefndarstörfum Jóhannes Pálmason, lögfræðingur þar sem hann hætti störfum á sjúkrahúsinu.

Siðanefnd stjórnýslurannsókna hélt 9 formlega fundi, á árinu. Formaður og varaformaður nefndarinnar áttu einnig

óformlega fundi bæði með fulltrúum úr nefndinni og starfsmönnum sviða / deilda spítalans út af afgreiðslu mála.

Nefndinni bárust 24 erindi:

- Vegna doktorsnáms 1 erindi
- Vegna meistaranáms 11 erindi
- Vegna annarra þátta 12 erindi.

Átján erindi hafa hlotið fullt samþykki og eitt erindi biður lokaafgreiðslu þar sem svar hefur ekki borist við fyrirvara nefndarinnar um fullt samþykki.

Þrjú erindi féllu ekki undir verkvið nefndarinnar, einu erindi var hafnað og einn umsækjandi hætti við rannsókn.

Siðanefnd stjórnýslurannsókna óskaði eftir upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu um: Könnun á einelti meðal ríkisstarfsmanna sem ráðuneytið gerði meðal starfsmanna spítalans og sótti ekki um leyfi fyrir hjá siðanefnd stjórnýslurannsókna.





## Listi yfir rannsakendur og heiti rannsókna.

Fjölskylduhjúkrun á bráðageðdeildum. Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Eydis K. Sveinbjarnardóttir.

Kulnun meðal hjúkrunarfræðinga á bráðalegudeildum skurð- og lyflækningasviða LSH. - Hugmyndir hjúkrunarfræðinga að bættu sálfélagslegu starfsumhverfi. Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir.

Kostnaðarlágmörkunargreining á sjúkrahústengdri heimaþjónustu á LSH, út frá sjónarhorni hins opinbera. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Ragna Dóra Rúnarsdóttir.

Interprofessional computerized provider order entry: Can clinical users issue the orders needed for people being served? Kristín Sólveig Kristjánsdóttir.

Öryggi í heilbrigðisþjónustu. Þekking og mannaflí í hjúkrun á bráða legudeildum: Verkferlar og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Helga Bragadóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Helgi Ingason, Anna Stefánsdóttir, Lovísa Baldursdóttir, Svava Þorkelsdóttir, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Sean Clarke, Alda Ásgeirsdóttir.

EMG mæling á vöðvaspennu starfsmanna við ómskoðun á Fósturgreiningardeild LSH. Berglind Helgadóttir, Vilborg Þ. Sigurðardóttir.

Sérfræðingar í hjúkrun á LSH. Í hverju er starf þeirra fölgjð? Herdís Sveinsdóttir, Elín J. Oddsdóttir.

Starfsþróun sjúkraliða á LSH. Þórléif Drífa Jónsdóttir, Svava Þorkelsdóttir.

Öryggi í heilbrigðisþjónustu. Þekking og mannaflí í hjúkrun á bráða legudeildum: Verkferlar og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Helga Bragadóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Helgi Ingason, Anna Stefánsdóttir, Lovísa Baldursdóttir, Svava Þorkelsdóttir, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Sean Clarke, Guðrún Bryndís Karlsdóttir.

Uplifun og líðan hjúkrunarfræðinga í starfi og viðhorf þeirra til veindafjarvista. Beiðni um viðbótarupplýsingar við leyfi veitt 2007. Sigrún Gunnarsdóttir, Bryndís Þorvaldsdóttir.

Viðhorfskönnun vegna byggingu nýs sjúkrahúss. Inga Jóna Þórðardóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Nefnd um byggingu nýs sjúkrahúss.

Fyrirhuguð úttekt á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í júní 2008. Sigurður Guðmundsson.

Managed patient Flow. Estimation of Improvement of the Efficiency of Inpatient Service production Processes at Selected Wards at Landspítali. Helga H. Bjarnadóttir, Guðmundur I. Bergþórsson

Könnun á viðhorfum innflytjenda. Friðrik H. Jónsson, Kristín E. Harðardóttir.

Viðhorf hjúkrunarfræðinga til fjölskylduhjúkrunar - Áhrif innleiðingar fjölskylduhjúkrunar á lyflækningasvið I. Herdís Herbertsdóttir, Auður Ketilsdóttir.

Huldufólkið - Skilningur hjúkrunarfræðinga á hlutverki sínu, ábyrgð og stefnu stjórnvalda varðandi stuðning við þá sem annast aldraða heima. (The Hidden Folks - Nurses' perceptions of their roles and responsibilities and understanding of policies when providing support to informal caregivers of elderly people at home.). Kristín Björnsdóttir, Erla Kristbjörg Sigurgeirsdóttir.

Viðhorf til fjölskylduhjúkrunar og áhrif innleiðingar á endurhæfingarsvið. Þórdís Ingólfssdóttir, Dórothea Bergs.

Könnun á öryggismenningu meðal lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem starfa á svæfinga-, gjörgæslu og skurðstofusviði LSH. Áslaug Svavarsdóttir, Helga Kristín Einarsdóttir, Oddur Fjalldal.



# Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2008

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2008

Fjöldi umsókna og afgreiðsla þeirra var sem hér segir:

Samþykkt erindi frá fyrra ári, 2007	17
Fjöldi erindi um viðbætur/breytingar	14
Fjöldi nýrra umsókna 2008	93
Samþykkt	70
Visað frá, heyrði ekki undir nefndina	5
Erindi sem biða endanlegrar afgreiðslu	12
Erindi sem biða umfjöllunar næsta árs	6

**Samtals 124**

Nýjum umsóknum fjölgaði milli ára. Árið 2007 var fjöldi nýrra umsókna 69 en 2008 var hann 93. Fjölgunin var mest í umsóknum frá heilbrigðisstarfsfólki en fjöldi nemanannsókna var nánast óbreyttur.

Vinnudagur siðanefndar var haldinn 17. janúar. Þar var meðal annars fjallað um gæðamál, upplýst samþykki og kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á Helsinki yfirlýsingunni.

Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðanefndar þann 1. mars 2008 og gerði forstöðumaður nefndarinnar Jónína Sigurðardóttir grein fyrir starfsemi árið 2007. Salvör Nordal hélt erindi: Samþykki stofnfrumugjafa, framkvæmd rannsókna – siðfræðileg álitamál.

Nokkrum nefndarmönnum ásamt forstöðumanni var boðið á umræðufund um "Umhverfi vísindarannsókna á Íslandi" þann 28. ágúst 2008 á vegum Siðfræðistofnunar.

Ný reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði leit dagsins ljós en með henni varð breyting á skipun nefndarmanna og starfssviði nefndarinnar.

Starfsreglur siðanefndar Landspítala voru birtar á heimasíðu nefndarinnar.

Siðanefnd veitti umsagnir um eftirfarandi erindi:

Frumvarp til breytinga á lögum um lífsýnasöfn.

Frumvarp til laga um lög um rafræna sjúkaskrá.

Drög að starfsreglum Vísindasiðanefndar.

Á árinu hættu tveir aðalmenn þau Jóhannes Pálmason og Salvör Nordal.

Í stað þeirra komu Oddur Gunnarsson fyrir Jóhannes og Bryndís Valsdóttir fyrir Salvöru. Tveir nýir varamenn voru skipaðir þær Dagrún Hálfðánardóttir lögfræðingur og Ástríður Stefánsdóttir lækni og siðfræðingur.

Nefndin kann öllu því góða fólki sem kvatt hefur nefndina bestu þakkir fyrir vel unnin störf fyrir siðanefnd í gegnum tíðina.

## Nefndarmenn í árslok eru:

Kristján Steinsson yfirlækni, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn

- Þórður Sigmundsson yfirlækni, varamaður

Jón Snædal yfirlækni, tilnefndur af lækna ráði

- Sigrún Reykdal lækni, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlækni, tilnefndur af lækna ráði

- Agnes Smáradóttir, varamaður

Elisabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af

hjúkrunarráði

- Helga Bragadóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Oddur Gunnarsson lögfræðingur

- Dagrún Hálfðánardóttir lögfræðingur, varamaður

Kalla Malmquist sjúkrahjálpari, tilnefnd fyrir aðrar

heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn

- Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af

landlæknisembættinu

- Ástríður Stefánsdóttir, lækni og siðfræðingur.



## Erindi frá 2007 sem voru samþykkt 2008

Beiðni um breytingar.

Ómega-3 fjölómettaðar fitusýrur til að fyrirbyggja gáttatíf eftir opna hjartaskurðaðgerð. Beiðni um breytingu. Ólafur Skúli Indriðason, læknir.

Reynsla einstaklinga sem hafa farið í hjartastopp. Beiðni um framhald.

Auður Ketilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun hjartasjúklinga, Helga Jónsdóttir, prófessor, Hildur Rut Albertsdóttir, hjúkrunarfræðinemi, Sólveig Helga Ákadóttir, hjúkrunarfræðinemi.

Ræsing og ferill bráðra bólguviðbragða með liðskiptaaðgerð sem módel. Beiðni um framhald. Björn Guðbjörnsson, læknir, Sóley Þórðardóttir, lífeindafræðinemi og Þóra Víkingsdóttir, líffræðingur.

Ínsúlandælur á Íslandi. Framlenging rannsóknartímabils. Arna Guðmundsdóttir, sérfræðingur, Ágúst Hilmarsson læknir, Arni V. Þórsson yfirlæknir og Katrín Ólöf Bóðvarsdóttir læknanemi.

Áhrif reykingabanns á opinberum stöðum á Íslandi á tíðni kransæðapræðinga og kransæðavíkkana vegna óstöðugs kransæðasjúkdóms (hjartadrep með ST hækkun, hjartadrep án ST hækkunar, hvíkul hjartaöng). Framlenging rannsóknartímabils.

Þórarinn Guðnason læknir, Þorsteinn Viðar Viktorsson læknanemi, Karl Andersen læknir/dósent.

## Erindi samþykkt á árinu 2008

Ákvörðun jármagns í lifur og hjartavöðva með segulömun og tengsl þess við hjartastarfsemi. Marianna Garðarsdóttir, læknir, Laufey Sigurðardóttir geislafræðinemi og Sigrún Reykdal sérfræðingur.

Árangur aðgerða vegna þrængsla í carotis æðum á æðaskurðeild LSH á tímabilinu 2000 - 2006. Elín Laxdal yfirlæknir, Karl Logason læknir, Guðmundur Danielsson, læknir og Helgi H. Sigurðsson læknir.

Árangur og lifun eftir aðgerðir vegna abdominal aortaaneurysma á Landspítala á tímabilinu 1993 - 2006. Elín Laxdal yfirlæknir, Helgi H. Sigurðsson læknir, Karl Logason læknir, Guðmundur Danielsson læknir, Bjarni Guðmundsson aðstoðarlæknir og Magni Guðmundsson aðstoðarlæknir.

Endurinnlagnir á gjörgæsludeild LSH við Hringbraut árið 2006: Greining á áhættuþáttum.

Lovisa Baldursdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, Herdís Sveinsdóttir, prófessor, Alma Möller yfirlæknir, Ása Sólveig Stefánsdóttir og Elísa Barðadóttir hjúkrunamemar.

Skurðaðgerðir vegna rofs á vélinda á Landspítala 1980-2007.

Tómas Guðbjartsson læknir, Sigurður Blöndal læknir, Halla Viðarsdóttir aðstoðarlæknir.

Samhæfð skráning til framtíðar og framfara. Gísli Einarsson, yfirlæknir, Kristín Thorberg meistaranemandi.

Fóstureyðing með lyfjum – reynsla af fyrstu 248 meðferðunum á Íslandi.

Jens A. Guðmundsson yfirlæknir, Ágúst Ingi Ágústsson deildarlæknir og Kristín Jónsdóttir læknir.

Mælingar á virkni lyfsins clopidogrel hjá hjartasjúklingum sem gangast undir skurðaðgerð.

Karl Andersen læknir, Erla S. Skarphéðinsdóttir lyfjafræðinemi, Guðný Stel Guðnadóttir deildarlæknir, Þorbjörn Guðjónsson læknir og Sveinbjörn Gizurarson prófessor.

Líkanhönnun á mjúkfvefjaexlum í útlimum. Halldór Jónsson jr. yfirlæknir, Eyþór Örn Jónsson læknanemi, Paolo Gargiulo verkfræðingur, Þórður Helgason verkfræðingur, Hildur Einarsdóttir læknir og Bjarni Agnarsson læknir.

Eðli kynferðislegs ofbeldis hjá þolendum sem leitað hafa til Neyðarmóttöku LSH. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur, Eyrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Brynjólfur Mogensen yfirlæknir, Jakob Smári prófessor, Unnur A. Valdimarsdóttir dósent, Agnes Björg Tryggvadóttir cand.psych, nemi og Agnes Gísladóttir meistaranemi.

Incidence of Retinopathy of prematurity in Iceland. Elinborg Guðmundsdóttir læknir, Einar Stefánsson yfirlæknir og Atli Dagbjartsson yfirlæknir.

Gæðavísar á Landspítala tengdir hjartasjúkdómum. María Heimisdóttir sviðsstjóri, Birna Björg Másdóttir nemi, Elísabet Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Þórarinn Guðnason læknir.

Mat á árangri hópméðferðar við kvíðaröskunum barna á aldrinum 8 -12 ára eftir 10 skipti. Berglind Brynjólfssdóttir sálfræðingur, Jakob Smári prófessor, Lydía Ósk Ómarsdóttir og Unnur Vala Guðbjartsdóttir sálfræðinemar.

Könnun á dreifingu, greiningu og samanburður tveggja mæliaðferða til mælinga á fylgiu prótein 13 (e.placental protein 13).

Leifur Franzson klínískur dósent, Sveinbjörn Gizurarson, prófessor, Anna Hlíf Svavarsdóttir meistaranemi í lyfjafræði

Árangur femoropoplíteal /femorocrural hjáveituaðgerða hjá sjúklingum með þrængslasjúkdóm í slagæðum gagnlíma á LSH 2000 - 2007.

Guðmundur Danielsson, læknir, Valgerður Rós Sigurðardóttir læknanemi, Elín Laxdal yfirlæknir, Helgi H. Sigurðsson læknir og Karl Logason læknir.

Ógreindir léttburar.

Ingibjörg Eiríksdóttir, aðjúnt, Birna Málfríður Guðmundsdóttir ljósmóðurnemi, Helga Gottfredsdóttir, lektor.

Vaxtaþættir og merki um skerðingu á súrefnisflutningi í naflastrengsblóði barna mæðra sem fæða stór börn. Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir, Dagbjört Helgadóttir læknanemi, Þórður Þórkelsson læknir, Hildur Harðardóttir yfirlæknir, Ragnar Bjarnason læknir, Atli Dagbjartsson yfirlæknir og Ísleifur Ólafsson yfirlæknir.

Tengsl átraskanana við hvatvísi, áráttu/þráhyggju og hugsanaskekkjur.

Ragnar P. Ólafsson sálfræðingur, Jakob Smári prófessor, Ívar Snorrason meistaranemi í sálfræði, Guðlaug Þorsteinsdóttir læknir og Elfa Björt Hreinsdóttir sálfræðingur.

Mjúkfvefjasarkmeiðni í útlimum. Beiðni um viðbót. Halldór Jónsson jr. yfirlæknir, Jón Ragnar Jónsson læknanemi, Óskar Þór Jóhannsson læknir, Hildur Einarsdóttir læknir og Bjarni Agnarsson læknir.

Algengi geðraskanana hjá krabbameinssjúklingum á LSH. Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur, Snorri Ingimarsson læknir, Sigurður Örn Hektorsson læknir, Helgi Sigurðsson prófessor og Arna Einarsdóttir deildarlæknir.

Meinvaldur samfélagslungnabólgu á Landspítala. Magnús Gottfredsson yfirlæknir, Agnar Bjarnason, Bjarni Geir Viðarsson og Hilmir Ásgeirsson deildarlæknar. Karl G Kristinsson og Ólafur Baldursson læknar.

Áhrif lágskammtamænuþeyfingar á nauðsyn þess að setja þvaglegg. Sigurbergur Kárason yfirlæknir, Þórarinn A. Ólafsson læknanemi.

Hiti og hvítkornafæð á blóðlækningadeild LSH. Hlíf Steingrímsdóttir yfirlæknir, Vilhelmina Haraldsdóttir sviðsstjóri og Unnur Þóra Högnadóttir deildarlæknir.

Body Shape Questionnaire (BSQ); íslensk viðmið og tengsl við átraskanir. Guðlaug Þorsteinsdóttir læknir, Jakob Smári prófessor, Dóróthea Ávarsdóttir og María Guðnadóttir nemi í sálfræði.

Upplifun á Alzheimers sjúkdómi frá sjónarhorni sjúklinganna. Jón Snædal yfirlæknir, Erla S. Grétarsdóttir sálfræðingur, Jakob Smári prófessor, Þórunn Þorleifsdóttir nemi í sálfræði.

Spítalablóðsýkingar á vökudeild Barnaspítala Hringins. Jón Hilmar Friðriksson læknir, Valgerður Árnadóttir læknanemi, Gestur Pálsson læknir, Atli Dagbjartsson og Karl Kristinsson yfirlæknar.

Fjölskylduhjúkrun á bráðageðdeildum. Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor, Eydis Sveinbjarnardóttir doktorsnemandi.

Rannsókn á athyglisbresti með ofvirki hjá skjólstæðingum geðsviðs LSH: Úttekt á skimunar og greiningartækjum. Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur, Sigurlín Hrunn Kjartansdóttir sálfræðingur, Brynja Björk Magnúsdóttir rannsóknarmaður, Emil Einarsson sálfræðingur.

Algengi og alvarleiki brýstingssára á Landspítala, áhættumati og forvarni, hjúkrunarþyngd og atvikaskráning.

Ásta Thoróddsen forstöðumaður fræðasviðs, Guðrún Sigurjónsdóttir og Marta Kjartansdóttir hjúkrunarfræðingar

Notkun ECMO á Íslandi.

Felix Valsson læknir, Þorsteinn Ástráðsson deildarlæknir.

Öndunarvélalungnabólga á gjörgæsludeildum LSH – niðurstöður gæðaverkfefnis.

Alma Möller yfirlæknir, Theódór Sigurðsson deildarlæknir, Sigurður B. Þorsteinsson yfirlæknir og Guðrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Likur á fósturláti eftir legvatnsástungu og fylgjusýni. Uppgjör 10 ára tímabils á fósturgreiningardeild LSH. Kristín Rut Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir, Hulda Hjartardóttir yfirlæknir, Hildur Harðardóttir sviðsstjóri.

Söfnun viðmiðunargilda meðal eldri borgara fyrir taugasálfræðilegt próf. María K. Jónsdóttir taugasálfræðingur.

Áhrif natalizumab (tysabri) á vitsmunastarf sjúklinga með MS (Effect of natalizumab (tysabri) on cognitive function in multiple sclerosis).

Sólveig Jónsdóttir sérfræðingur í klínískri taugasálfræði, Elías Ólafsson yfirlæknir, Haukur Hjaltason læknir, Sóley Þráinsdóttir.

Góðkynja og illkynja æxli með uppruna í fleiðru á Íslandi. Tómas Guðbjartsson læknir, Helgi Ísaksson læknir, Hörður Alfreðsson læknir, Hrönn Harðardóttir læknir og Trygvi Þorgeirsson læknanemi.



Blóðflögufæð í nýburum vegna blóðflokka misræmis móður og barns 1997 - 2006.

Sveinn Guðmundsson yfirlæknir, Atli Dagbjartsson yfirlæknir, Hulda Hjartardóttir læknir og Katrín Þóra Jóhannsdóttir læknanemi.

Loftmengun og sjúkráhusinnlagnir.  
Þórarinn Gíslason yfirlæknir.

Lífsmarkamælingar hjá börnum sem koma inn til meðferðar á Barnaspítala Hringins. Vettvangsathugun á deildum spítalans og á eðli skráðra lífsmarkamælinga í sjúkraskrár.

Guðrún Kristjánsdóttir prófessor, Hanna Guðrún Brynjarsdóttir hjúkrunarernemi.

Notkun ígrædds taktnefa við greiningu á orsökum yfirlíða og hjartsláttartruflana.

Davíð O. Arnar yfirlæknir, Guðrún Reimarsdóttir lífeindafræðingur.

Beinmergskipti í öðru landi. Upplifun og reynsla sjúklinga og aðstandenda.

Þórunn Sævarsdóttir hjúkrunarfræðingur, Nanna Friðriksdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Björk Unnarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigrún Reykdal sérfræðingur.

Áhrif TNF $\alpha$  og TGF- $\beta$ 1 á samskipti T fruma við sýnifrumur, og sérhæfingu þeirra í T-stýrifrumur og Th17 frumur.

Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir, Kristján Steinsson yfirlæknir, Laufey Geirsdóttir sameindalíffræðingur, Brynja Gunnlaugsdóttir doktorsnemi og Reynir Tómas Geirsson yfirlæknir.

Forathugun á árangri þriggja mánaða dagmeðferðar. Magnús Blöndahl Sighvatsson sálfræðingur, Margrét Bárðardóttir sálfræðingur, Borghildur Einarsdóttir geðlæknir.

Faraldsfræði sjúklinga sem koma á bráðamóttökur (G2 og 10D) slysa- og bráðasviðs LSH. Guðlaug Rákel Guðjónsdóttir, sviðsstjóri, Mór Kristjánsson sviðsstjóri og Unnur D. Valdimarsdóttir dósent.

Meðferð nýrnabilunar á lokastigi. Kostnaðarvirknigreining við íslenskar aðstæður.

María Heimisdóttir, sviðsstjóri, Gyða Ásmundsdóttir deildarstjóri, Runólfur Pálsson yfirlæknir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir lektor.

Árangur klínískra hjúkrunarleiðbeininga á næringarástand, hreyfingetu, fjölda fylgikvilla og lífsgæði sjúklinga með heilablóðfall. Dóróthea Bergs hjúkrunarfræðingur, Þóra Hafsteinsdóttir lektor, Marianne Klinke hjúkrunarfræðingur og Svanhildur Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Algengi og nýgengi ofnæmissjúkdóma hjá 21 árs gömlum einstaklingum, framsýn framhaldsrannsókn. Björn Árdal sérfræðingur, Ásgeir Haraldsson yfirlæknir, Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir, Herbert Eiríksson sérfræðingur.

Flýtbatameðferð eftir valkeisaraskurði á Kvinnadeild Landspítala: Öryggi og ávinningur þess að fjarlægja þvagleggja snemma eftir valkeisaraskurði framkvæmda í spinal deyfingu.

Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir, Jóhanna Gunnarsdóttir deildarlæknir, Kristín Jónsdóttir læknir, Rannveig Rúnarsdóttir sviðsstjóri, Guðrún Halldórsdóttir ljósmóðir, Þorbjörg Edda Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Grazyna María Okuniewska hjúkrunarfræðingur.

Meðferð á lungnasjúkdómum hjá nýburum með síblæstri (CPAP, continous positive airway pressure). Þórður Þórkelsson, læknir, Sonja Baldursdóttir, deildarlæknir.

LIA (Local Infiltrations Analgesia) verkjastilling við gerviliðaaðgerðir á hnjám.

Halldór Jónsson jr prófessor, Róbert Mar Jóhannsson læknanemi, Rikharður Sigfússon læknir, Harpa H. Sigurðardóttir sjúkráþjálfari, Eyrún B. Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Notkun kælingar sem meðferð á gjörgæslu eftir súrefniskort.

Kristinn Sigvaldason yfirlæknir, Sonja Baldursdóttir læknir, Sigurbjörgur Kárason yfirlæknir.

Þarfir, liðan og lífsgæði aðstandenda sjúklinga með illkynja sjúkdóma á lyflækningasviði II, Landspítala. Sigríður Gunnarsdóttir lektor, Nanna Friðriksdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Þórunn Sævarsdóttir hjúkrunarfræðingur, Svandís Íris Hálfánardóttir sérfræðingur í hjúkrun, Guðbjörg Guðmundsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Arndís Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Kristín Lára Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og Hrefna Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Aðferðir sem starfsfólk geðdeilda notar til að róa reiða og spennu sjúklinga. Páll Biering dósent, Jón Snorrason hjúkrunarfræðingur og meistaranemi.

Afhjúpan á eðli (mynstri, leitni, hegðun) sjúklingaflæðis í gegnum Landspítala og gerð líkans til að spá fyrir um framboð og eftirspurn á rúmunum. Helgi Þór Ingason dósent, Hulda Guðmundsdóttir verkfræðingur og meistaranemandi.

Geislaskammtur til hjarta við mismunandi nálgun á geislameðferð gegn brjóstakrabbameini eftir fleygskurð. Helgi Sigurðsson yfirlæknir, Garðar Mýrdal forstöðumaður, Jakob Jóhannsson læknir og Jaroslava Baumruk geislafræðingur og meistaranemi.

Að sættast og breyta – höpmeðferð við kvíða. Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur, Guðbjörg Danielsdóttir sálfræðingur, Þórgunnur Ársælsdóttir geðlæknir, Ragnar Pétur Ólafsson sálfræðingur.

Áhrif slökunar meðferðar á liðan sjúklinga með krabbamein. Þóra Jenný Gunnarsdóttir lektor, Lilja Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Nanna Friðriksdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Björg Sigurjónsdóttir og Katrín Hilmarsdóttir hjúkrunarernemar.

Kalkkirtlaaðgerðir á Landspítala 2001-2008. Meinafræði og árangur. Þorvaldur Jónsson læknir, Lárus Jónsson læknir, Höskuldur Kristvinsson læknir og Rólant Dahl Cristiansen læknanemi.

Meinafræðileg eitlastigun brjóstakrabbameins á Landspítala 2000-2007. Þorvaldur Jónsson læknir, Kristján Skúli Ásgeirsson læknir, Lárus Jónsson læknir, Anna Kristín Höskuldardóttir læknanemi

Staða og breytingar á áhættuþáttum hjá kransæðasjúklingum sem notið hafa hjúkrunar meðferðar á göngudeild kransæðasjúklinga. Helga Jónsdóttir prófessor, Inga Valborg Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og meistaranemi.

Þróun fjölskylduhjúkrunar meðferðar (meðferðarsamræðna) á Barnaspítala Hringins, Landspítala.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor, Anna Ólafía Sigurðardóttir sviðsstjóri og doktorsnemandi, Auður Ragnarsdóttir meistaranemandi, Elísabet Konráðsdóttir hjúkrunarfræðingur, Margrét Grímsdóttir hjúkrunarfræðingur, Rósa Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sólrún W. Kamban meistaranemandi

Skráning og mat á ávinningi ihlutunar lyfjafræðinga á deildum.

Anna Birna Almarsdóttir prófessor, Anna I Gunnarsdóttir og Þórunn K Guðmundsdóttir klínískir lyfjafræðingar, María Erla Bogadóttir meistaranemandi og Pétur S. Gunnarsson sérfræðingur.

Lyf sem orsök innlagna á Landspítala Háskólasjúkrahús. Anna Birna Almarsdóttir prófessor, María Heimisdóttir sviðsstjóri, Þórunn K. Guðmundsdóttir lyfjafræðingur.

Áhrif þol- og styrktarþjálfunar sjúklinga í blóðskilun á líkamlega getu.

María Ragnarsdóttir rannsóknarsjúkráþjálfari, Ebba Malmberg og Emma Strandberg sjúkráþjálfarar.

Klínísk innleiðsla digoxins á LSH. Rannveig Einarsdóttir lyfjafræðingur, Gestur Þorgeirsson yfirlæknir, Ísleifur Ólafsson yfirlæknir, Guðrún Þ. Ingimundardóttir tölvulífefindarfræðingur, Hanný Ösp Pétursdóttir nemi, Sveinbjörn Gizurarson prófessor.

Fjölskylduhjúkrunar meðferð- 15 mínútna meðferðarsamræður á lungnadeild. Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor, Bryndís Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur og meistaranemandi.

Reynsla kvenna af mænurátar deyfingu í fæðingu. Helga Gottfreðsdóttir lektor og ljósmóðir, Þórunn Pálsdóttir nemi í ljósmóðurfæði.

Upplýsingaöflun verðandi mæðra um fösturskimun/sambætt líkindamat á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Helga Gottfreðsdóttir lektor og ljósmóðir, Hanna Rut Jónsdóttir nemi í ljósmóðurfæði.

Bráð nýrnabilun hjá gjörgæslusjúklingum á LSH. Gísli Heimir Sigurðsson prófessor, Íris Ösp Vesteinsdóttir læknanemi.

Gjöf fibrinogenþykknis við alvarlegar blæðingar: Ábendingar og árangur meðferðar. Gísli Heimir Sigurðsson prófessor, Kári Hreinsson læknir, Friðrik Th Sigurbjörnsson læknanemi.

Brunaáverkar barna á Landspítala á árunum 2000 – 2008: Er þörf á auknum forvörnum og skipulögðum stuðningi eftir útskrift af sjúkrahúsi? (vinnuheit). Lovisa Baldursdóttir sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, Laura Sch. Thorsteinnsson hjúkrunarfræðingur, Anna Ólafía Sigurðardóttir sviðsstjóri hjúkrunar, Berglind Ó Sigurvinsdóttir hjúkrunarernemi, Friða Ó. Ólafsdóttir, deildarstjóri, Gunnar Auðólfsson læknir, Margrét E. Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur, Vilborg Gísladóttir hjúkrunarernemi, Þráinn Rósmundsson yfirlæknir.

# Vísindasiðanefnd 2008

## Vísindasiðanefnd samþykkti 50 erindi sem varða starfsmenn Landspítala

A 5-year Non-Interventional Registry Study of Humira (Adalimumab) in subjects with moderately to severely Active Crohn's Disease. Ásgeir Theódórsson.

A six country study on life events, fear and mode of delivery. Þóra Steingrimsdóttir.

Algengi parvoveiru 4 á Íslandi. Arthur Löve.

An Eight-week, double-blind, multi-center randomized, placebo-controlled, parallel-group study to evaluate the efficacy and safety of aliskiren 75 mg, 150 mg and 300 mg in elderly patients with essential hypertension when given with a light meal. Karl Andersen.

Auka kvenhormónar áhættuna á að fá lungnakrabbamein. Halla Skúladóttir.

Áhrif 2ja vikna meðferðar í Bláa lóninu á psoriasis; forannsókn. Jón Hjaltalín Ólafsson.

Áhrif jarðskjálftans 29. maí 2008 á íbúa á Suðurlandi. Berglind Guðmundsdóttir.

Áhrif þungbærrar lífsreynslu á líðan björgunarsveitarmanna á Íslandi. Berglind Guðmundsdóttir.

Árangur hugrænnar atferlismeðferðar í hóp fyrir fullorðna með ADHD og áhrif andfélagslegrar hefðunar á meðferðarangur. Jón Friðrik Sigurðsson.

Áverkadauði Íslendinga 1996-2007. Brynjólfur Mogensen.

Brijóstaadgerðir vegna krabbameins undanfarin 10 ár á Íslandi. Þórdís Kjartansdóttir.

Brottfallsheilkenni sem orsök at-hrogryposu og þroskaskerðingar. Jón Jóhannes Jónsson.

Cushing sjúkdómur á Íslandi. Helga Ágústa Sigurjónsdóttir.

Dánarorsök sjúklinga með geðræna sjúkdóma og áhrif fangelsisvistar. Andrés Magnússon.

Dreifing fæðingardaga yfir árstíðir meðal sjúklinga með lysterstol (Season of Birth in Anorexia Nervosa). Guðlaug Þorsteinsdóttir.

Eósinófil esófagitis á Íslandi. Ari Viðir Axelsson.

Faraldsfræði blóðsýkinga af völdum

Staphylococcus aureus á Íslandi. Ólafur Guðlaugsson.

Faraldsfræði krabbameina hjá börnum á Íslandi 1981-2006. Trausti Óskarsson.

Geðlyfjanotkun fyrir og eftir hamfarir. Aðalsteinn Guðmundsson.

Heilarit og þunglyndi hjá öldruðum. Ása Guðmundsdóttir.

Heilsuáhrif loftmengunar í Reykjavík. Þórarinn Gíslason.

Hugsanlegir skekkjuvaldar við mælingu D-arabinitols/L-arabinitols í þvagi. Ingibjörg Hilmarisdóttir.

Hversu oft er meðferð við nýrnabilun á lokastigi (skilunarmeðferð) ekki beitt á Íslandi? Ólafur Skúli Indriðason.

IceProQualita (Hágæðaprótein fyrir aldraða). Inga Þórsdóttir.

Íslenska sarklikisrannsóknin. Vefjaflokkun, sjúkdómsmyndun, umhverfisþættir og ættartengsl. Sigríður Ólína Haraldsdóttir.

Íþróttaslys. Brynjólfur Mogensen.

Kortlagning erfðabreytileika og gena sem tengjast ósæðarlokukölkun og ósæðarlokupreglsu. Davíð O Arnar.

Langtímarannsókn á minni. Kári Stefánsson í samstarfi við LSH Öldrunardeild LSH.

Líffæragjafir og líffæraígræðslur á Íslandi 2003-2007. Sigurbergur Kárason.

Lífshættulegar afleiðingar sprautufíknar á Íslandi tímabilið 1998-2007. Kristinn Sigvaldason.

Meðferð fullorðinna með vaxtarhormóni á Íslandi. Helga Ágústa Sigurjónsdóttir.

Meðferð nýrnabilunar á lokastigi á Íslandi 1968-2007. Runólfur Pálsson.

Miðmætisspeglanir á Íslandi 1983-2007. Tómas Guðbjartsson.

Myndun þekkingargrunns heilarita barna. Ólafur Ó. Guðmundsson.

Nýgengi og algengi. Elías Ólafsson.

Performer CPB V1.5 Registry. Bjarni Torfason.

Rannsókn á afleiðingum höfuðáverka á börnum á Íslandi. Eiríkur Örn Arnarson.

Samanburður á öllum kransæðapræð-

ingum og kransæðavíkkunum í tveimur löndum Íslandi og Svíþjóð. Þórarinn Guðnason.

Skimun fyrir áhættuþáttum skyndidauða meðal keppnisíþróttafólks. Axel Finnur Sigurðsson.

SKORPIO lyfjarannsóknin. Guðmundur Geirsson.

Slembiröðuð, tvíblind fasa I, samhliða samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta öryggi og þol týmóls eftir eina og síðan endurtekna meðferðir í ytra eyra hjá fullorðnum heilbrigðum einstaklingum. Hannes Petersen.

Slembiröðuð, Tvíblind, Samanburðarrannsókn á lyfleysu til að meta lyfhrif, lyfjahvörf, og öryggi DG-051 í sjúklingum með sögu um hjartaáfall. Guðmundur Þorgeirsson.

Slembivalsrannsókn á kæfisvefnissjúklingum; kokaðgerð borin saman við enga meðferð. Sigurður Júlíusson.

Stuðla erfðabreytileikar að frávikum í útliti hjartalínurita? Davíð O Arnar.

TAURUS lyfjarannsóknin. Guðmundur Geirsson.

Tíðni algengra aðgerða á augnlokum og augnumgjörð. Haraldur Sigurðsson.

Tíðni þungbærrar lífsreynslu á áhrif kennara á líðan háskólanema. Berglind Guðmundsdóttir.

Tveggja ára, fjölsetra, slembivals, tvíblind, samanburðarrannsókn, með lyfleysu, á samhliða hópum, til að meta áhrif meðferðar með zóledróník sýru 5 mg einu sinni á ári bláæð á beinbrot og öryggi þeirra meðferðar hjá karlmönnum með beinþynningu. Björn Guðbjörnsson.

Tvíblind, fjölsetra, slembiröðuð, 8 vikna lyfjarannsókn hjá samhliða hópum til að leggja mat á verkun og öryggi samsetningar aliskiren/amlodipine (300/5 mg og 300/10 mg) samanborið við aliskiren 300 mg hjá sjúklingum með háþrýsting af óþekktri orsök sem ekki hafa svarað nægjanlega meðferð með aliskiren 300 mg einu sér. Karl Andersen.

Úttauga- og vöðvasjúkdómar meðal íslenskra barna 1984-2007. Pétur Ludvigsson.

## Vísindi á vordögum

voru að þessu sinni haldin 30. apríl 2008 í Hringsal

Robin Murray var gestafyrirlesari á Vísindum á vordögum 30. apríl 2008.

Robin Murray er prófessor og yfirlæknir á Institute of Psychiatry við South London and Maudsley NHS í Lundúnaháskóla. Í erindi sínu fjallaði prófessor Murray um það hvernig þættir í umhverfinu, svo sem flutningur á milli landa, neysla kannabisefna og vandamál tengd fæðingum geta leitt til geðrofseinkenna líkt og sjást við geðklofa.

Dr. Murray er heimsþekktur vísindamaður á sviði geðsjúkdóma og hefur ritað mikinn fjölda vísindagreina um niðurstöður rannsókna sinna. Sömuleiðis hefur hann leitt fjölmargar rannsóknir á geðrofsmeðferð. Hann er í hópi þeirra vísindamanna á geðsviði sem mest er vitnað til.





# Bjarni Þjóðleifsson

## prófessor og yfirlæknir var valinn vísindamaður ársins 2008

### Hvert er rannsóknarsvið þitt? Hvenær og hvað vakti áhugi þinn á rannsóknum?

Ég hóf störf á Landspítala árið 1976 sem sérfræðingur í lyflæknis- og meltingarsjúkdómum og rannsóknarsvið mitt hefur markast af því starfi. Á þeim 33 árum sem ég hef unnið á þessu sviði hafa orðið miklar sviptingar í faraldsfræði meltingarsjúkdóma. Sjúkdómar hafa nánast komið og farið á þessu tímabili. Fyrstu árin voru sjúkdómar í efri meltingarvegi mest áberandi. Þar var um að ræða sár í maga og skeifugörn og fylgikvilla þeirra, blæðingar og rof og svo magakrabbamein. Tíðni þessara sjúkdóma minnkaði stöðugt á tímabilinu en í staðinn óx tíðni vélindabakflæðis mikið og varð sem nýr faraldur. Jafnframt varð mikil aukning á bólgusjúkdómum í ristli (colitis ulcerosa og Chron's sjúkdómi).

Rannsóknaráhugi minn beindist einkum að þessum sjúkdómum og voru verkefni fyrst klínísk og snérist mikið um þróun nýrra lyfja. Þáttaskil urðu á rannsóknarferli mínum uppúr 1985 en þá varð ljóst að sýkillinn *Helicobacter pylori* væri megin orsakavaldur sársjúkdóma og krabbameins í efri meltingarvegi. Þessi uppgötvun opnaði nýja sýn á meltingarsjúkdóma. Maðurinn er hýsill fyrir fjölda sýkla sem lífa með honum oft ævilangt í misgóðu sambýli og mikill meirihluti þessara sýkla er í meltingarvegi. Sýklarnir eiga það sameiginlegt að valda ævilangri sýkingu, oft án einkenna eða sjúkdóma, en geta valdið sjúkdómum hjá einstaklingum með sérstakt erfðaupplag og/eða við viss skilyrði. Sambýlið getur verið það náð að "sambúðarslit" geta valdið sjúkdómi. Það er til dæmis talið líklegt að vaxandi tíðni þarmabólgu stafi af miklu hreinlæti sem fylgir vestrænum lífnaðarháttum og breytir þarmaflórunni. Faraldur vélindabakflæðis er ennfremur talinn tengjast hvarfi *H pylori* úr maga nútímamanna en sýkillinn minnkar sýruseitrun og þegar hann hverfur úr maganum þá eykst sýruseitrun, sem stuðlar að bakflæði.

### Hvaða áhrif hafði þessi nýja sýn á rannsóknir þínar?

Þær færðust frá því að vera klínískar yfir á það svið sem flokka má sem grunnvísindi þ.e. beindust að orsökum sjúkdóma.

### Hverjar eru áhugaverðustu niðurstöður rannsókna þinna og samstarfsaðila?

Okkur tókst að sýna fram á að vissir erfðaþættir tengdust þarmabólgu og að þriðjungur skyldmenna sjúklinga með þarmabólgu höfðu einnig þarmabólgu en án einkenna. Þeir erfðaþættir sem helst valda þarmabólgu hjá öðrum þjóðum fundust ekki hjá Íslendingum. Mjög sterk erfðatengsl fundust milli hryggiktar og þarmabólgu og leiddum við rök að því að þetta væri sami sjúkdóminn með mismunandi birtingarformi milli ættliða og/eða skyldmenna.

Önnur rannsókn snérist um orsakir asthma og ofnæmis en þessir sjúkdómar hafa komið fram sem faraldur á seinustu áratugum í þróuðum löndum. Við skoðuðum áhrif sjö langvarandi sýkinga á tíðni asthma og ofnæmis hjá Íslendingum og fundum að því fleiri sýkingar því minni tíðni asthma og ofnæmis.

### Hvernig er rannsóknaraðstaða þín?

Ég hef allan tímann verið í fullu klínisku starfi en þó var aðeins rýmri tíma til rannsókna seinustu árin. Tækifæri til að fá styrki hafa stórukist og það skipti sköpum fyrir mig að sjá Öndvegisstyrk Rannís árið 2003.

### Hvað er það sem hvetur þig til að halda áfram rannsóknum?

Það er margt. Eitt er spennan við að finna eitthvað nýtt. Annað er að vera ekki algjör þiggiandi í vísindasamfélaginu og þar með að halda faglegri sjálfsvirðingu. Mest gaman er þó að sjá rannsóknirnar leiða til lækningar.



## Jón Eyjólfur Jónsson yfirlæknir öldrunarlækningadeild

Öldrunarfræðin er mjög spennandi verkefni. Á síðari hluta tuttugustu aldarinnar stækkaði sá hópur fólks sem náði háum aldri. Mikið var um hleypidóma en lítið um rannsóknir. Það var því fljótlega eftir að ég kom heim 1986, að það kallaði á mig að rannsaka það ferli sem við köllum eðlilega öldrun hjá háöldruðum. Þá var í boði samnorrænt námskeið í öldrunarfræðum, en þar var aðaldrifkrafturinn Torbjörn Svensson hjá Gerontologisk Centrum í Lundi sem stýrir rannsókninni Lund 80+, en sú rannsókn er hönnuð til að svara spurningum um eðlilega öldrun frá félagslegu, sálrænu og heilsufarslegu sjónarhorni. Höfum við á öldrunarlækningadeild LSH samstarf um sambærilega rannsókn á 80 ára gömlum Reykvíkingum og þótti það vera til heilla þar sem samanburður milli landa gæti skýrt frekar öldrunarferlið. Í fyrsta rannsóknarhópnum voru Þór Halldórsson yfirlæknir, Sigurveig H. Sigurðardóttir félagsráðgjafi, Þórey Ólafsdóttir sálfræðingur og undirritaður. Styrkir fengust frá Framkvæmdasjóði aldraðra og Minningarsjóði Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur. Síðari ár hafa Berglind Magnúsdóttir sálfræðingur, Helga Hansdóttir öldrunarlæknir og Guðný Bjarnadóttir öldrunarlæknir komið að rannsókninni og nú er Helga Hauksdóttir sálfræðinemi starfsmaður rannsóknarinnar, sem síðustu árin hefur verið fjármögnuð með rausnarlegum Rauðu fjaðrar styrk frá Lions hreyfingunni, auk þess sem aðrir aðilar gefa vinnu sína.

Frá upphafi höfum við notið hvatningar og leiðsagnar samstarfs- og yfirmanna á öldrunarsviði.

Rannsóknin 80+ metur félagslega, sálræna og heilsufarslega þætti á framsýnan hátt hjá einstaklingum fæddum árið 1913, 1918 og 1923 í Lundi og Reykjavík. Árið 2003 bættust aldraðir í hafnarborginni Kläpeda í Litháen í hópinn, en þá hófst sambærileg rannsókn þar undir stjórn Faustas Stepukonis prófessors.

Frá 1999 hefur rannsóknin farið fram hjá Rannsóknarstofu Háskólans og Landspítalans í öldrunarfræðum að Ægisgötu 27. Þar er aðstaðan góð, en aðgengi fatlaðra er erfitt. Erfiðleikar við framsýna rannsóknir á háöldruðum eru meðal annars þeir að margir eru hrumir og eiga erfitt með gang.

Langsniðsrannsóknir eru tímafrekar og niðurstöður fást á mismunandi stigum. Erfiðleikar eru talsverðir vegna brottfalls og einnig lítar lokahnignun (terminal decline) mjög niðurstöður. Af fyrstu hópnum höfum við lært að þessi hópur aldraðra Reykvíkinga er vel á sig kominn, telur sig bærilega vel efnaðan miðað við jafnaldra sína og telur að viðhorfin til aldraðra í þjóðfélaginu séu jákvæð. Við höfum staðfest að eigin mat á heilsu tengist dánartíðni á svipaðan hátt og aðrar rannsóknir hafa sýnt, að kvíði og þunglyndi er þáttur sem lítur líf kvenna frekar en karla og er frekar algengt en fjórðungur 88 ára kvenna upplifir kvíða og 10% þunglyndi. Ennfremur er þessi hópur félagslega ólíkur jafnöldrum sínum í Litháen og Svíþjóð að mörgu leyti. Í Litháen ber nokkuð á ólæsi 80 ára einstaklinga og fjölskyldustærð 80 ára Lundarbúa er mun minni. Eitt sérkenni okkar hóps, 80 ára Reykvíkinga og eldri,

hin miklu fjölskyldutengsl, en vel yfir 80% hafa dagleg samskipti (heimsóknir eða símtöl) við börn sín eða ættingja.

Þegar lítið er yfir farinn veg er það sennilega ég sem hef lært mest á þessari rannsóknarvinnu. Við klíniska vinnu á sjúkrahúsi er auðvelt að öðlast þá ímynd að aldraðir séu viðkvæmir, hrumir og veikir. Hópur sem vernda ber og er það nokkuð ríkjandi viðhorf í þjóðfélaginu. Vísa sem Helgi Seljan varpaði fram á aðalfundi Öryrkjabandalagsins er dæmi um það:

*Öllu svona aftur fer,  
ellimóður talinn.  
Dagarugl mitt dapurt er,  
déskotí er ég galinn.*

Þá er hressandi að hafa kynnst heilbrigðum, hugsandi og kvikum öldungum og taka undir með Einari Árnasyni frá Finnsstöðum í Kinn:

*Léttur í spori laus við rugl  
lífi ég sæll án meina,  
líkt og þegar flýgur fugl  
frjáls á milli greina.*

Þannig hafa flestir áttatíu ára Reykvíkingar það. Það heldur mér við efnið.

Um rannsóknarsniðið má lesa í:

Svensson T, Dehlin D, Hagberg B, Samuelsson G. The Lund 80+ study: some general findings. Pp 345-354. In JIF Schroots & JE Birren (Eds.), The next generation of longitudinal studies of health and aging. Elsevier, Amsterdam 1993.

Nokkrar niðurstöður úr samanburði á félagslegum þáttum í Reykjavík og Lundi má finna í: Samuelsson G, Svensson T, Jónson JE. The social life and attitudes of 80 year olds in Iceland and Sweden - A comparison of two city populations. Hallym International Journal of Aging 2005;7(1):1-14.





# Helga Kristjánsdóttir

## Líffræðingur Rannsóknastofu í gigtsjúkdómum

### var valin ungur vísindamaður ársins 2008

Rannsóknasvið mitt er erfðafræðilegir þættir gigtar- og sjálfsöfnæmissjúkdómsins rauðra úlfa (Systemic Lupus Erythematosus, SLE) og annarra skyldra sjálfsöfnæmissjúkdóma.

Sjálfsöfnæmissjúkdómar er hópur sjúkdóma með ólíka sjúkdómsmynd, sem eiga það sameiginlegt að ónæmissvar beinist gegn sjálfsameindum. Hlutverk ónæmiskerfisins er að bregðast við framandi sameindum, s.s. sýklum, meðal annars með myndun mótefna gegn þeim. Í eðlilegu ástandi, gerir ónæmiskerfið greinarmun á eigin sameindum líkamans og framandi sameindum, sem það myndar mótefni gegn. Hins vegar kemur það fyrir að ónæmiskerfið svarar eigin sameindum líkamans með myndun sjálfsmótefna og mótefnaflétta og er þá talað um að sjálfsþol sé brostið. Afleiðingin er bólga í vefjum líkamans.

Grunnurinn að þeim niðurstöðum sem við höfum birt nýlega eru rannsóknir á íslenskum fjölskyldum þar sem sjúkdómurinn rauðir úlfar er ættlægur. Upphaflega voru eingöngu skoðaðir fjölskyldumeðlimir með rauðu úlfa, en rannsóknirnar hafa þróast þannig að nú ná þær einnig yfir aðra sjálfsöfnæmissjúkdóma.

Rauðir úlfar er fjölkerfasjúkdómur, þ.e. sjúkdómur sem getur haft áhrif á mörg líffærakerfi: húð, liði, taugakerfi og innri líffæri, sem einkennist af myndun sjálfsmótefna og mótefnaflétta. Vegna þeirra viðtæku einkenna sem koma fram í sjúkdómsmynd rauðra úlfa er gjarnan litið á sjúkdóminn sem eins konar prótótýpu fyrir sjálfsöfnæmissjúkdóma.

Orsakir rauðra úlfa eru enn að miklu leyti óþekktar, en almennt er talið að um samspil margra gena og umhverfisþátta sé að ræða. Þáttur erfða í rauðum úlfum er sterkur og endurspeglast hann m.a. í fjölskyldulægni og hári samleitni (concordance) á milli eineggja tvíbura. Rauðir úlfar er fjölgengasjúkdómur og er talið að samlegðaráhrif eða epistatískt samspil gena ræði miklu í sjúkdómsmynd.

Rannsóknir mínar og samstarfsaðila minna á íslenskum sjúklingum með rauða úlfa og ættingjum þeirra hafa leitt til skilgreiningar á þremur erfðafræðilegum áhættuþáttum fyrir rauðum úlfum.

Skortur á komplimentþáttum C4A (C4AQ0) vegna úrfellingar á eða stökkbreytinga í C4A geninu og lágs MBL í sermi vegna stökkbreytinga í MBL geninu. C4AQ0 leiðir til minnkaðrar hreinsunar mótefnaflétta úr líkamanum og lágt MBL til minnkaðrar hreinsunar sjálfsmótefna. Ef þessi hreinsunarkerfi bregðast hlaðast upp sjálfsmótefnaflétta sem falla út í vefjum og leiða til bólgu og sjúkdómseinkenna.

Erfðamengisskimun í íslensku fjölskyldunum leiddi til skilgreiningar á stökkbreytingu í PDCD1 geninu (PD-1.3A), sem áhættuþætti fyrir rauðum úlfum. PDCD1 skráir fyrir ónæmisviðtakann PD-1, og bælir ræsingunni T og B sjálfvirkra eittilfruma og gegnir lykilhlutverki í útvefjabólí. Niðurstöður

nýrra rannsókna okkar sýna að tjáning á PD-1 viðtakanum er marktækt lægri hjá sjúklingum með rauða úlfa og einnig hjá ættingjum þeirra samanborið við viðmiðunarróp. Við ályktum að minnkuð tjáning PD-1 viðtakans leiði til þess að ræsing sjálfvirkra T fruma er ekki bæld og sjálfsþol brestur.

Ýmis einkenni sjálfsöfnæmis skarast á milli sjúkdóma og vísbendingar eru um sameiginlega undirliggjandi erfðaþætti í sjálfsöfnæmi. Rannsóknir okkar hafa því einnig beinst að því að skoða tíðni annarra sjálfsöfnæmissjúkdóma í íslensku fjölskyldunum og samverkandi áhrif áhættuþátta C4AQ0, lágs MBL og PD-1.3A og tengsl við aðra sjálfsöfnæmissjúkdóma. Tíðni annarra sjálfsöfnæmissjúkdóma er marktækt hækkuð í íslenskum fjölskyldum með ættlæga rauða úlfa. Þannig má nú skilgreina fjölskyldurnar sem sjálfsöfnæmisfjölskyldur. Áhættuþættirnir PD-1.3A og C4A skortur virðast vera hluti af mjög sterkum erfðafræðilegum bakgrunni, sem eykur áhættu fyrir sjálfsöfnæmissjúkdómum almennt. Hins vegar er ljóst að fleiri erfða- og /eða umhverfisþætti þarf til og MBL skortur er hugsanlega einn slíkur þáttur.

Verðlaunin sem ég hlaut fyrir ári síðan höfðu mjög jákvæð og hvetjandi áhrif. Sú vinna sem liggur að baki þeim niðurstöðum sem nú hafa verið að birtar er mikil og stundum finnst manni leiðin löng. En síðan smellur allt saman og ástæða til að halda ótrauður áfram og leitast við að svara nýjum spurningum.

Vinna við rannsóknirnar hefur að mestu leyti farið fram á Rannsóknastofu í gigtsjúkdómum á Landspítala við Hringbraut. Verkefnið er hins vegar samstarfsverkefni Rannsóknastofu í gigtsjúkdómum og Erfðafræðideildar Uppsalaháskóla og hef ég því unnið talsvert af vinnunni í Uppsala. Húsnæði Rannsóknastofu í gigtsjúkdómum er ekki stórt og þar vinnur ört stækkandi hópur. En rannsóknastofan sjálf er ágætlega tækjum búin og þar er hægt að vinna alla frumuvinnu, próteinmælingar og PCR mælingar.

Verkefnið er fjármagnað með styrkjum, bæði frá innlendum og erlendum styrktarsjóðum. Að Rannsóknastofu í gigtsjúkdómum standa Landspítali, Háskóli Íslands og Gigtarfélag Íslands.



## Helga Erlendsdóttir lífeindafræðingur og klínískur prófessor

Nær allar þær rannsóknir sem ég hef unnið við á mínum ferli eru á sviði sýklafræði og sýklalyfja. Ég útskrifaðist sem meinatæknir eins og það hét þá frá þáverandi Tækniskóla Íslands haustið 1971. Frá upphafi námsins var það sýklafræðin sem heillaði mig mest. Við próflok var ég svo heppin að fá vinnu við þá grein á sýkladeildinni, en þar réði þá ríkjum Arinbjörn Kolbeinsson læknir og tilheyrði deildin Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg.

Er ég síðan hóf að vinna við fagið velti ég því margoft fyrir mér, hvað gæti skýrt það að sama bakterian geti í fyrsta lagi verið skaðlaus í góðu sambýli við menn, í öðru lagi valdið tiltölulega meinlausum sýkingum og í þriðja lagi valdið lífshættulegum sýkingum og lagt jafnvel fullfríska menn í valinn á skömmum tíma.

Eftir að hafa unnið í nokkur ár við almenna sýklafræði fluttist ég, vegna framhaldsnáms mannsins míns, til Svíþjóðar í nokkur ár. Fékk ég vinnu þar við sýklafræðideild Háskólasjúkrahússins í Uppsölum. Komst ég þar fljótlega inn í rannsóknarhóp, sem tengdist smitsjúkdómadeild sjúkrahússins og vann við sýklalyfjarannsóknir. Sá sem leiddi þann hóp var Otto Cars sérfræðingur í smitsjúkdómum. Snérust þær rannsóknir um það hvernig sýklalyf bærust til mismunandi vefja líkamans, nefnt lyfferill (pharmacokinetic), og hvaða þéttni þau næðu þar. Var aðallega um að ræða dýratilraunir og voru kanínur notaðar við þær rannsóknir. Þetta starf kveikti í mér hvað varðar vísindarannsóknir.

Er ég síðan flutti heim til Íslands sex árum síðar, átti ég ekki von á því að geta unnið framar að vísindarannsóknum. Hins vegar æluðust mál þannig að fljótlega eftir heimkomu hafði Sigurður Guðmundsson, fyrrum landlæknir og núverandi forseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ, samband við mig. Hann hafði frétt af vinnu minni í Svíþjóð. Var hann að leggja drög að heimflutningi frá Bandaríkjunum og hafði hug á því að vinna áfram að sínum rannsóknum. Hann byggði upp aðstöðu til rannsókna á sýkladeild Borgarspítalans gamla og gat útvegað fjármagn til að kosta stöðu mína að hluta, en samvinnuna hófum við árið 1987. Þar unnum við saman í nokkur ár þar til við fluttum okkur að Landspítalanum við Hringbraut. Snérist vinnan að mestu um sýklalyf og svokallaða eftirverkun sýklalyfja og einnig hvernig mismunandi sýklalyfjaklokkar verka á mismunandi sýkla. Eftirverkun sýklalyfja (e. "post-antibiotic effect eða PAE") snýst um það að mörg sýklalyf halda áfram að verka á sýklana eftir að lyfin eru horfin af sýkingarstað. Niðurstöður úr rannsóknum á þessu fyrirbæri hafa átt þátt í því að bæta skömmtun sýklalyfja jafnframt því að auka virkni og þannig stuðlað að lækun lyfjakostnaðar. Þannig er unnt að skammta lyf, sem hafa langa eftirverkun sjaldnar án þess að draga úr áhrifum. Tókst á þessum árum að halda úti virkum rannsóknarhópi á þessu sviði, sem aðallega var mannaður áhugasömum læknanemum og unglæknum. Fyrsti læknaneminn sem kom í hópinn árið 1988 var einmitt Magnús Gottfredsson núverandi yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans. Magnús lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands rúmum áratug síðar, og var

rannsóknarverkefni hans byggt á þeirri vinnu sem hann hóf í kjallaranum á Borgarspítalanum.

Í Svíþjóð var vinna mín aðallega tengd dýratilraunum og þá kanínum. Hér heima notuðum við hins vegar hvítar mýs þegar við fórum að staðfesta í dýrum eftirverkun sýklalyfjanna sem við sáum in vitro. Þá var okkur sköpuð aðstaða á Keldum og þar lögðu ófáar mýs okkur lið. Þessi vinna gaf okkur síðan tækifæri til að verða þátttakendur í samnorrænum rannsóknarhópi á þessu sviði. Voru það hópar frá Kaupmannahöfn, Uppsölum og Lundi. Á þessum árum, eða vorið 2001, lauk ég einnig meistaraþrófi í heilbrigðisvísindum frá Læknadeild HÍ og nefndist verkefnið „Áhrif beta-laktam sýklalyfja á nokkrar hjúppgerðir pneumókokka in vitro og í tilraunssýkingum í músum“. Leiðbeinandi minn var Sigurður Guðmundsson. Vinnu með pneumókokka hófum við eftir að aðstaða mín fluttist á Hringbrautina þar sem sýklafræðideild Landspítalans er til húsa. Þar er yfirlæknir og prófessor Karl G. Kristinsson. Hans helsta rannsóknarsvið hefur varðað ónæma pneumókokka. Ísland hefur haft sérstöðu samborið við önnur lönd í norður Evrópu hvað varðar algengi penisillín ónæmra pneumókokka. Hefur frá því að þeirra var fyrst vart hér á landi skömmu fyrir 1990 verið haldið utan um safn þeirra og mikil vinna unnin við stofn- og hjúppgreiningu þeirra ásamt næmisprófunum. Þar að hafa komið margir nemar. Nú er Martha Á. Hjálmarsdóttir lífeindafræðingur doktorsnemi á þessu sviði og Karl hennar leiðbeinandi, en Martha hefur tengst ónæmum pneumókokkum frá því þeirra var fyrst vart hér á landi.

Þá hef ég tekið nokkur hliðarspor varðandi músatilraunirnar og ekki einungis rannsað áhrif sýklalyfja á bakteríur heldur einnig áhrif lýsisbættar fæðu á bakteríusýkingar í músum. Niðurstöður úr þeim rannsóknum sýndu að í lýsi var vörn gegn alvarlegum sýkingum af völdum sumra bakteríutegunda. Þennan rannsóknarhóp leiddi Ásgeir Haraldsson prófessor og yfirlæknir á Barnaspítala Hringins, en með okkur störfuðu áhugasamir nemar og unglæknar.

